



# kjarninn

8. útgáfa – 10. október – vika 41

Skuldabréf

Uppgjör í krónum

Sala á bönkum

Heildarkröfur

## KRÖFUHAFAR SÝNA Á SPILIN

Kjarninn birtir „tilboð“  
kröfuhafa föllnu  
bankanna

Vilja gefa eftir mun  
minna af krónum en  
ríkisstjórnin vill

Ekkert bendir til þess að  
aðilar nái saman


# Efnisyfirlit

8. útgáfa  
10. október 2013  
vika 42



## TÓNLIST

Vínýlplötur seljast og lög á netinu líka



## DÓMSMÁL

Áður óbirt gögn í Sterling-málinu birt



## DANMÖRK

Bang & Olufsen í vanda statt




VÍÐMÆLANDI VIKUNNAR Sigurlína Valgerður Ingólfssdóttir, framleiðandi hjá DICE

## Vill auka vægi kvenna í tölvuleikjaheiminum

## ÁLIT


„Í fyrsta lagi þarf að koma í veg fyrir að lífeyrisgreiðslur sjóðanna skerði bætur almannatrygginga í þeim mæli sem nú tíðkast.“

Hrafn Magnússon, fv. framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða



## FÓTBOLTI

Eigum orðið marga góða fótboltamenn



## DÓMSMÁL

Sérstakur bíður gagna frá Lúx



## STJÓRNMÁL

Ísland kemur ekki í veg fyrir mútur

## ÁLIT

„Hann sá fyrir sér að á eyjunni okkar mætti skapa fyrirmyndarríki“

Magnús Sigurðsson, háskólanemi



## GALLERÍ

Furðulegur uppvakningaleikur Breta og pílagrímsferðir múslima til Mekka



## HEIMILISFJÁRMÁL

Stjórnámamenn ráða ekki kaupmætti

## ÁLIT

„Niðurstaða réttarins var sú að alhæfingar mannsins væru ekki studdar neinum rökum, enda væru vandfundin rök fyrir yfirburðum á grundvelli kynþáttar.“

Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl.



## TOPP TÍU

Bubka er besti íþróttamaðurinn



## BÍLAR

Lee Iacocca og Mustanginn



## KAROLINA FUND

Gagnvirkur strengjakvartett



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík  
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is  
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson  
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.



Landsvirkjun

„Eftir að rekstur hefst er þetta hreinasta orka sem hægt er að búa til“



Kynntu þér verðmæti vatnsorku



# Til hamingju með stefnuleysið

## LEIÐARI

Pórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

**Þ**að hefur vart farið framhjá neinum að íslenska efnahagshrunið á afmæli um þessar mundir. Í gær voru liðin slétt fimm ár frá því að stærsti banki landsins, Kaupþing, skilaði síðastur stóru fjármála fyrirtækjanna lykklum sínum til Fjármálaeftirlitsins.

Þegar efnahagslegur veruleiki okkar hrundi fórum við að leita að sökudólgum. Fyrst leituðum við erlendis. Kennendum Bretum um. Alþjóðlegu bankakreppunni. Ástandinu í Evrópusambandinu. Bandaríkjamönnum fyrir að vilja ekki lána okkur pening.

Þegar þær skýringar dugðu ekki til að útskýra ástandið fórum við að benda hvert á annað. Eðlilega var fingrinum fyrst beint að þeim sem breyttu landinu í vogunarsjóð. Mönnunum sem stýrðu bönkum og fjárfestingarfélögum og lögðu heila þjóð undir í illa undirbyggðum fjármála-veðmálum sínum og embættis- og stjórnáráðgjafum sem brugðust algjörlega eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu. Og þessir aðilar báru tvímælalaust mikla ábyrgð.

En höfuðsökin liggur í því að hér hefur, og hefur alltaf verið, efnahagskerfi við lýði sem er arðbært fyrir lítinn hóp en gríðarlega kostnaðarsamt fyrir þorra þjóðarinnar. Þegar mælt er hvort við höfum lært eitthvað af hruninu verður að horfa til þess hvort okkur hefur tekist að hrista hlekki þess kerfis af okkur. Svo virðist því miður ekki vera.

Hrunið hefði átt að þvo meðvirknina af okkur. Til valda komst enda fyrsta hreina vinstri stjórnin. Hún ákvað hins vegar að sleppa því að nýta þetta einstaka tækifæri sitt til að móta langtímaefnahagsstefnu en nýta umboð sitt frekar til að reyna að troða eins miklu og mögulegt var af pólitískum áherslum sínum inn á íslenskt samfélag á þeim fjórum árum sem hún fékk úthlutað. Úr varð kraðak sem skildi lítið eftir sig annað en endalausar illdeilur. Vinstri stjórnina skorti sýn og ákvarðanir hennar voru nánast allar viðbragð við aðstæðum frekar en innleiðing á skýrri stefnu. Þess vegna skildi hún við með mörg stærstu efnahagsmál þjóðarinnar enn óleyst.

Því miður virðist ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ætla að falla í sama pytt. Það er mjög erfitt að sjá hver stefna hennar er í lykilmálum. Hún ætlar ekki að kasta íslensku krónunni, sem hefur tapað 99,7 prósentum af virði sínu frá því að hún varð til, en hefur ekki útskýrt hvaða hækkjur og höft þurfi til að hún standi til framtíðar. Ríkisstjórnin hefur ekki boðað neina stefnu um hvernig hún ætli að taka á vanda lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hvernig eigi að mæta 390 milljarða króna umframskuldbindingum hans, þrátt fyrir að sá vandi hafi blasað við árum saman. Hún hefur ekki gripið til ráðstafana varðandi Íbúðalánasjóð þrátt fyrir að hann hafi kostað ríkissjóð 46 milljarða króna á síðustu árum. Ríkisstjórnin ákvað að gefa frá sér milljarða króna skatttekjur til útgerða og ferðaþjónustu og brúa þess í stað fjárlög með því að afnema vexti á láni Seðlabankans og fyrirframgreiða sér úr þrotabúum fallinna banka. Reyndar hefur hún ekkert upplýst heldur um hvernig hún ætlar sér að afnema gjaldeyrishöft. Ríkisstjórnin virðist því hreinlega ekki hafa neina stefnu í ríkisfjármálum.

Einnig virðist ríkisstjórnin ætla að feta í fótspor þeirrar fyrri og hafna erlendri fjárfestingu. Það er í það minnsta erfitt að skilja orð forsætisráðherra um að erlend fjárfesting sé eins og erlend skuldsetning. Því sé betra að liðka fyrir því að lífeyrissjóðir fjármagni fjárfestingar hérlendis í enn meiri mæli en þeir gera nú þegar. En það er engin stefna til framtíðar heldur. Og það er engin afsökun að ríkisstjórnin hafi bara haft nokkra mánuði til að koma sér fyrir í valdastólum því þetta fólk hefur haft fimm ár til að móta sér skýra stefnu um hvernig eigi að gera Ísland betra.

En stefnuleysið virðist ekki hafa nein áhrif á okkur sem þjóð. Sama hver heldur um stjórnartaumanna virðumst við sem þjóð alltaf vera ginkeypt fyrir stórum vinningum. Hvort sem þeir heita hlutabréf í Decode, stærsta stífla í Evrópu, fjármálamiðstöð, skuldaniðurfellingar, kröfuhafagull, túristakrónur eða olíuauður viljum við leysa efnahagsleg vandræði okkar með lottóvinningi frekar en að setja upp langtímaáætlun um nýtingu þeirra ótrúlega miklu gæða sem Ísland býr yfir og ættu fyrir löngu að vera búin að skila okkur sjálfbærni.

Líkurnar á því að vinna í lottói eru hins vegar sáralitlar. Sá sem kaupir tíu raðir á viku allt árið um kring í Víkinga-lottói má eiga von á einum fyrsta vinningi á 23.500 ára fresti. Þegar um velferð heillar þjóðar er að ræða eru lottólíkur ömurlegar líkur. Og jafnvel þótt einstaka vinningar detti inn eru þeir skammgóður vermir í þessu verðbólguhrifna jójóhagkerfi sem við höfum búið til. Sagan segir okkur að við lendum í nýjum efnahagslegum öldudal fyrir en síðar. Dal sem er dýpri og verri en sá sem við klifum upp úr á undan.

Til hamingju með það.

ns í iPad

aðeins í iPad

aðei

**Kjarninn hefur breytt  
deilingarmöguleikum  
sínnum.**

**Nú er hægt að deila  
efni úr iPad-útgáfu  
Kjarnans með mun  
auðveldari hætti en  
áður.**



**kjarninn**



Available on the  
**App Store**

PROJECT MIDNIGHT  
PRELIMINARY LEGAL DUE DILIGENCE REPORT

From:  
Sent:  
To:  
Subject:

Hannes Smárason (Hannes Smárason/REK)  
15. október 2005 22:49  
Jón Sigurðsson  
staðan

Hér er staðan eftir kvöldi  
Definition of Net  
Cash of

### 499. Stjórnarfundur FL Group Hf.

Ár 2005. Fimmtudaginn 30. júní kl. 17:20 var haldinn 499. fundur stjórnar FL Group á skrifstofu félagsins á Reykjavíkurlflugvelli. Hannes Smárason, formaður stjórnar setti fundinn og stjórnaði honum. Mættir voru allir stjórnarmenn og varastjórnarmenn. Formaður stjórnar sem tok þátt í fundinum í gegnum hátalarasíma. Auk stjórnarmanna sát fundinn Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri. Fundarritari var Sveinbjörn Indriðason

# Rannsókn á Sterling- málinu lokið

Kjarninn birtir hundruð blaðsíðna af gögnum úr húsnæði hjá FL Group sem aldrei hafa sést opinberlega áður. A meðal gagna eru tölvupóstsamskipti þeirra sem skipulögðu ítrekuð viðskipti með Sterling.

3. Úrsögn úr stjórn. Inga Jóna Þórðardóttir tilkynnir á fundinum að hún hyggist segja sig úr stjórn félagsins frá og með fundardegi og leggja bréf þess efnis hjá regluverði félagsins.

4. Tillaga um veitingu ábyrgðar vegna Íslandsferða í Noregi. Lögð var fram tillaga að eftirfarandi bókun: "Stjórn FL Group samþykkir að veita Islandia Travel AS í Noregi bakábyrgð hjá Danske Bank að upphæð NOK 3 672.000. Islandia Travel þarf að leggja þessa ábyrgð fram vegna ferðaskrifstofuleysis í Noregi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Boðun hluthafafundar. Stjórn félagsins samþykkir að til hluthafafundar verði boðað eins fljótt og auðið er. Fundarefni þess fundar verður kjör á nýrri stjórn.

Fléira var ekki rætt og fundi er slitið kl 17:50.

*Jón Sigurðsson*

*Hannes Smárason*

Handwritten notes in Icelandic and English, including phrases like "needs PWC formal comment on this", "should be included in Net Equity", and "What margin would the...".

**RANNSÓKN Á  
AFHENDINGU  
GAGNANNA OG  
KÆRÐIR  
SAKSÓKNARAR**

Höfundur þessarar greinar fjallaði um Sterling-fléttuna út frá gögnunum sem haldlögð voru í hútleitinni hjá FL Group í nóvember 2008 í þriggja þátta greinaflokki sem birtist í Viðskiptablaðinu haustið 2010.

Hannes Smáráson kærði Valtý Sigurðsson, þá ríkissaksóknara, og Helga Magnús Gunnarsson, þá saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, í kjölfarið fyrir brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi vegna þess að gögnin voru afhent fyrrverandi hluthafa í FL Group. Málið var fellt niður sumarið 2011.

**R**annsókn á því hvort FL Group hafi í raun greitt þrjá af þeim fjórum milljörðum króna sem Fons, félag í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, notaði til að greiða fyrir danska flugfélagið Sterling í mars 2005 er lokið hjá embætti sérstaks saksóknara. Niðurstöður hennar liggja nú hjá saksóknara innan embættisins, sem mun taka ákvörðun um hvort ákært verður eða ekki. Samkvæmt heimildum Kjarnans verður sú ákvörðun tekin innan mánaðar.

Málið hefur verið til rannsóknar frá því haustið 2008 hjá ýmsum embættum. Viðskipti FL Group, Fons og Sunds ehf. sem áttu sér stað með eignarhluti í Sterling og öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum á árunum 2005 til 2008 eru ein þekktustu meintu sýndarviðskipti sem framkvæmd voru á árunum fyrir hrun. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir meðal annars að þau séu „einhver umdeildustu viðskipti Hannesar [Smárásonar, fyrrverandi forstjóra og stjórnarformanns FL Group] og raunar alls þessa tímabils“.

### Sýndarviðskiptaflétta

Í mars 2005 keypti Fons, eignarhaldsfélag í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, danska flugfélagið Sterling á fjóra milljarða króna. Nokkrum mánuðum síðar var Sterling sameinað öðru óarðbæru flugfélagi, Maersk Air, og í október, sjö mánuðum eftir kaup Fons á því, var Sterling selt til almenningshlutafélagsins FL Group á 15 milljarða króna. Viðskiptin vöktu athygli og furðu, sérstaklega þar sem Sterling tapaði hálfum milljarði króna á þeim fáu mánuðum sem Fons átti það. Samt greiddi almenningshlutafélagið FL Group, sem var í eigu rúmlega fjögur þúsund aðila, ellefu milljörðum króna meira fyrir Sterling en Fons hafði gert nokkrum mánuðum áður. Flestir þeirra sem áttu hlut í FL Group á þessum tíma höfðu gerst hluthafar þegar FL Group var flugfélagið Flugleiðir. Flugreksturinn var hins vegar aðskilinn frá öðrum rekstri félagsins á uppgangsárunum fyrir hrun og settur inn í sérstakt félag, Icelandair Group, sem var selt út úr FL Group. Gamla móðurfélaginu

var samhliða breytt í fjárfestingarfélag og varð það eitt það umfangsmesta sinnar tegundar um nokkurra ára skeið.

Samstundis voru uppi grunsemdir um að viðskiptin væru hluti af einhvers konar sýndarviðskiptafléttu sem stærstu hluthafar FL Group – aðilar tengdir Baugi, þáverandi stjórnarformaðurinn og síðar forstjórinn Hannes Smárason og Fons – hefðu hag af en gæti orðið gríðarlega kostnaðarsöm fyrir aðra hluthafa. Grunsemdir voru líka uppi um að FL Group hefði í raun greitt þorra þess kaupverðs sem Fons greiddi fyrir Sterling. Hannes Smárason var meira að segja spurður að því beint í Kastljósi mánudaginn 24. október 2005 hvort hann persónulega eða FL Group hefði lagt fjármagn til þegar Fons keypti Sterling. Hannes neitaði því alfarið og sagði sögusagnir þess efnis vera „þvælu“. Pálmi Haraldsson, aðaleigandi Fons, neitaði því einnig ítrekað að FL Group hefði fjármagnað kaup Fons á Sterling.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hóf að rannsaka þessi viðskipti árið 2008 að eigin frumkvæði. Undir voru grunsemdir um meint auðgunarbrot og brot á ákvæðum hlutafélagalaga um bann við lánveitingum á borð við þá sem FL Group var grunað um að hafa veitt Fons.

Hinn 11. nóvember 2008 gerðu starfsmenn skatt-rannsóknarstjóra síðan ítarlega húsleit í höfuðstöðvum FL Group, sem þá hafði tekið upp nafnið Stoðir. Þar var lagt hald á ýmiss konar bókhaldsgögn og skjöl sem tengdust ætluðum sýndarviðskiptum með eignarhluti í Sterling og öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum og aragrúi tölvupóstsamskipta afritaður.

Hluti þessara gagna var sendur áfram til efnahagsbrota-deildar ríkislögreglustjóra í lok árs 2009. Um er að ræða hundruð blaðsíðna af trúnaðargögnum. Þau má lesa með því að smella á hnappinn á spássiunni hér til hliðar.

## Ragnhildur stígur fram

Síðan spurðist lítið til málsins í nokkurn tíma. Í apríl 2010 steig Ragnhildur Geirsdóttir, sem var forstjóri FL Group á þeim tíma sem Fons keypti Sterling, hins vegar fram og tjáði



Smelltu til að skoða hundruð blaðsíðna af gögnum og tölvupóstum sem gerð voru upptæk í húsleit í höfuðstöðvum FL Group í nóvember 2008



# Tímalína atburða í Sterling/NTH fléttunni

## 12.-14. mars 2005

Fons kaupir Sterling á fjóra milljarða króna. Á sama tíma voru þrjár milljarðar króna millifærðir frá FL Group inn á reikning í Kaupþingi í Lúxemborg. Peningarnir fóru út af reikningnum og komu ekki aftur inn á hann fyrr en í júlí sama ár, um fjórum mánuðum síðar.

## 1. júlí 2005

Fons eignast Maersk Air og innlimar flugfélagið. Kaupverðið var ekki gefið upp en í fjölmiðlum kom fram að það var ekki talið vera nokkurt. Félögin töpuðu enda samtals um átta milljörðum króna á árinu 2005.

## 16. október 2005

Hannes Smárason, sem þá var nýlega orðinn forstjóri FL Group, og Pálmi Haraldsson, aðaleigandi Fons, ganga frá kaupum FL Group á Sterling fyrir 15 milljarða króna. Söluhagnaður Fons af því að eiga Sterling og Maersk, sem töpuðu milljörðum króna á þessum tíma, varð því 11 milljarðar króna á um hálfu ári.

## Fyrsti ársfjórðungur 2006

Sterling tapar rúmum tveimur milljörðum króna.

## Nóvember 2006

Starfsmenn FL Group hefja þróun á verkefni sem fær nafnið Project Scantravel. Það verkefni varð síðan að félagi sem fékk nafnið Northern Travel Holding og var notað til að kaupa Sterling af FL Group í því sem talið eru vera ein stærstu sýndarviðskipti fyrirhrunsáranna.

## 21. desember 2006

Stjórn FL Group veitir Hannesi Smárásyni heimild til stofnunar NTH og sölu á Sterling.

## 26. desember 2006

Northern Travel Holding er stofnað. Á sama tíma er gengið frá sölu FL Group og Fons á Sterling, flugfélaginu Astraeus, Iceland Express, Heklu Travel og Ticket inn í hið nýstofnaða félag. Eigendur Northern Travel Holding voru FL Group og Fons, þeir sömu og seldu eignirnar inn í það. Auk þess var fjárfestingarfélagið Sund sagt eiga 22 prósentu hlut. Það sem kom þó ekki fram var að Sund var með sölurétt á þeim hlut til Baugs, stærsta eiganda FL Group. Samkvæmt því samkomulagi átti Baugur að kaupa hlutinn aftur af Sundi fyrir 26. ágúst 2007 á 2,75 milljarða króna. Vegna þátttöku sinnar í þessum snúningi fékk Sund ehf. greiddan tæpan hálfan milljarð króna í þóknunagreiðslur.

## Desember 2007

Samkomulag Baugs og Sunds um kaup- og sölurétt á hlutum í Northern Travel Holding er framlengt fram í desember. Þegar kom að því að efna það var Northern Travel Holding látið „kaupa“ hlut Sunds í stað Baugs. Þannig losnaði Baugur úr þeirri snöru.

## 16. september 2008

Fons kaupir 34 prósentu hlut FL Group, sem þá hafði tekið upp nafnið Stoðir, í Northern Travel Holding. Greitt var fyrir með haldlausum kröfum á Northern Travel Holding. Kaupverðið var því ekkert.

## 29. október 2008

Sterling verður gjaldþrota og þúsundir farþega félagsins verða strandaglópar víðs vegar um heiminn.

## 11. nóvember 2008

Skattayfirvöld gera húsleit í höfuðstöðvum FL Group.

## 14. september 2009

Northern Travel Holding er úrskurðað gjaldþrota. Protabú Fons, sem var þá líka farið á hausinn, var langstærsti kröfuhafinn með 15 milljarða króna kröfu. Engar eignir voru í búin

sig í fyrsta skipti opinberlega um kaupin. Hún sagðist telja að FL Group hefði að öllum líkindum greitt þrjá af þeim fjórum milljörðum króna sem greiddir voru fyrir danska flugfélagið í mars 2005. Féð hefði verið lagt inn á reikning hjá Kaupþingi í Lúxemborg að frumkvæði Hannesar Smárasonar en síðan horfið þaðan án tilhlýðilegra skýringa.

Í yfirlýsingu sem Ragnhildur sendi frá sér vorið 2010 sagði að henni hefði borist útrentun úr excel-skjali frá Kaupþingi í Lúxemborg þar sem „fram komu upplýsingar sem mátti skilja sem svo að peningarnir hefðu á einhverjum tímamarki, í einhverjum tilgangi, verið millifærðir á Fons“.

Milljarðarnir þrjár sem FL Group lagði inn á reikninginn í Lúxemborg skiluðu sér loks þangað aftur í júlí 2005. Þá höfðu Ragnhildur og nokkrir stjórnarmenn í FL Group hótad

## ÁGÓÐINN AF NORTHERN TRAVEL HOLDING VIÐSKIPTUNUM

Þegar FL Group keypti Sterling af Fons var klásúla í kaupsamningnum sem sagði að Fons ætti að endurgreiða 5,8 milljarða króna af 15 milljarða króna kaupverðinu ef rekstrarárangur Sterling næði ekki vissu marki. Trygging fyrir þessari greiðslu var hlutabréf Fons í FL Group. Reksturinn varð síðan afleiddur.

Til að koma í veg fyrir að Fons þyrfti að greiða þessa upphæð til almenningshlutafélagsins FL Group með hlutabréfum í FL Group, sem voru á þessum tíma orðin illseljanleg eign, var brugðið á það ráð að stofna Northern Travel Holding og selja Sterling þangað inn. Það var gert á milli jóla og nýárs 2006, enda þurfti að koma Sterling úr

bókum FL Group áður en það ár var liðið. Sama dag undirritaði Hannes Smárason yfirlýsingu fyrir hönd FL Group þar sem ákvæðið um endurgreiðsluna var fellt úr gildi. Með þessari aðgerð var FL Group í raun að gefa Fons tæpa sex milljarða króna.

FL Group „græddi“ líka á fléttunni. Félagið losnaði við Sterling af efnahagsreikningi sínum og fékk í staðinn „eign“ í formi 14 milljarða króna seljendaláns sem félagið veitti Northern Travel Holding.

Sund ehf. fékk síðan tæpan hálfan milljarð króna í þóknagreiðslur fyrir að þykjast vera raunverulegur fjárfestir í Northern Travel Holding. Alltaf lá fyrir viljrði um að Sund yrði keypt út á fyrir fram ákveðnu verði.

Hanesi því að málið yrði sent til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til rannsóknar sem fjárdráttur ef féð skilaði sér ekki.

### Beðið eftir gögnum frá Lúxemborg

Í janúar 2011 var Hannes Smárason yfirheyrður af efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra vegna málsins. Ragnhildur var einnig boðuð til skýrslutöku sem vitni. Rannsókn málsins hafði þá legið niðri um nokkurt skeið vegna þess að þeir sem stýrðu henni höfðu flutt sig yfir til sérstaks saksóknara. Þegar efnahagsbrotadeildin var síðan sameinuð sérstökum saksóknara haustið 2011 fluttist Sterling-málið með.

Þar hefur það verið til rannsóknar í nokkurn tíma. Meðal þess sem tafið hefur þá rannsókn er að beðið var eftir gögnum sem aflað var með réttarbeiðni frá Lúxemborg. Heimildir Kjarnans herma að þau gögn sýni hvert féð sem lagt var inn á reikning Kaupþings í Lúxemborg rataði.



# KARFAN



## DRAMADEILD DOMINO'S

Stilltu upp þínu sterkasta liði, þú gætir staðið  
uppi sem sigurvegari leiktíðarinnar í vor.

**STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR Í BÖÐI**

★ SKRÁÐU ÞIG HÉR! ★





# Tónlistin fer hring eftir hring



## TÓNLIST

Magnús Halldórsson  
magnush@kjarninn.is



**M**iklar breytingar hafa orðið á markaði með tónlist á heimsvísu á undanförunum árum, ekki aðeins vegna vaxandi sölu á tónlist í gegnum netið heldur hefur sala á vínylplötum einnig aukist mikið á skömmum tíma. „Við finnum fyrir vaxandi áhuga á vínylplötunum og fögnum því vitaskuld,“ segir Geir Ingvarsson, einn forsvarsmanna tónlistarbúðarinnar Lucky Records við Rauðarárstíg 10. Verslunin leggur mikið upp úr fjölbreyttu úrvali af vínylplötum, bæði notuðum og nýjum, auk þess að selja geisladiska, DVD-diska og margt fleira. Vínylplötur njóta vaxandi vinsælda á heimsvísu og hefur sala á þeim aukist hratt undanfarin misseri, samhliða aukinni tíðni af útgáfum tónlistarmanna á vínyl.

### Tónlistin snýr vörn í sókn

Endurkoma vínylplötunnar er táknræn fyrir tónlistarheiminn, þar sem stefnur og stílar eiga það til að fara hring eftir hring. Gamalt efni verður vinsælt aftur mörgum árum eftir útgáfu, nýjar hljómsveitir eru undir áhrifum frá tónlistarmönnum fyrri kynslóða og leiðir til þess að dreifa tónlistinni lifa góðu lífi þrátt fyrir öra þróun, eins og vínylplatan er til marks um.

### Áskrift af tónlist

Samkvæmt rannsóknum IFPI í London, sem árlega gefur út skýrslu um þróun mála í tónlistarheiminum, var árið 2012 ár mikils viðsnúnings í tónlistarheiminum. Á því ári voru tekjur af seldri tónlist 0,2 prósentum meiri en árið 2011. Þó að vöxturinn sé lítill eru tímamótin þau að þetta er í fyrsta skipti síðan árið 1999 sem sala á tónlist eykst. Útlit er fyrir að vöxturinn verði lítið eitt meiri á þessu ári. Þegar að þessu kemur munar mestu um öran vöxt í áskriftartekjum, svipað og Spotify býður upp á. Samkvæmt gögnum IFPI hefur vöxturinn í þeim leiðum verið mikill milli ára. Árið 2011 námu áskriftarleiðir í niðurlagi 14 prósentum af heildartekjum tónlistar á netinu en sú tala var komin í 20 prósent árið 2012.



### Pungarokk!

Nýjar vínýlplötur eru síður en svo ókeypis enda mikið lagt í útgáfunar, falleg umslög meðal annars. Hér er stórvirkið Börn Loka með íslensku þungarokkshljómsveitinni Skálmöld uppstillt í verslun Lucky Records. Hún kostar riflega sex þúsund krónur út úr búð.

MYND/MH

## Sérstaða vínýlplötunnar

Sala á vínýlplötum er enn sem komið er óverulegur hluti af heildartekjum vegna tónlistar. Vöxtur hefur verið þó nokkur en það eru ekki síst áhrif á ýmsa aðra geira sem hafa farið vaxandi. Þannig hefur það færst í vöxt víða erlendis að kaffihús séu á sama stað og vínýlplötuverslanir, sérstökum verslunum fyrir ákveðna tegund tónlistar sem gefin er út á vínýl hefur fjölgað, til dæmis sérstökum verslunum fyrir djass, sálartónlist og þungarokk. Sérstaða vínýlsins felst ekki síst í því hversu stór plötuumslögin eru og oft mikið lagt í útlit þeirra. Á stöðum þar sem vínýlplötur eru í hávegum hafðar eru húsakynninn oftast ekki skreytt með umslögum, eins og sjá má meðal annars í versluninni Lucky Records. „Við kaupum inn víða að, meðal annars frá Hollandi og Banda-

ríkjunum. Framboðið er mikið og í sjálfu sér hægt að finna áhugavert efni víða. Ísland er það lítill markaður að við verðum að geta boðið upp á flestar tegundir tónlistar,“ segir Geir.

## Frekari möguleikar

Helsti vaxtarmöguleiki fyrir tekjur tónlistarinnar er í gegnum nýjar leiðar sem eru sambærilegar við áskriftarleiðirnar, samkvæmt skýrslu IFPI. Er meðal annars vitnað til þess að mörg minni hugbúnaðarfyrirtæki vinna að gerð búnaðar sem beintengdur er við samfélagsmiðla og kaup á tónlist í boði. Stóru samfélagsmiðlafyrirtækin, Facebook, Twitter og Google, hafa fylgst náið með þessari þróun en ekki komið fram með nýjungar í þessum efnum enn. Ef marka má rannsókn IFPI eru töluverðar líkur á að svo verði innan skamms tíma, með tilheyrandi áhrifum á tónlistargeirann.





# Engar líkur virðast á samkomulagi



**M**ikið hefur verið rætt um það í fjölmiðlum, á vettvangi stjórnmalanna og víðar að kröfuhafar Glitnis og Kaupþings, auk fulltrúa þeirra í slitastjórnnum þessara risavöxnu þrotabúa, séu tilbúnir að gera Seðlabanka eða stjórnvöldum einhvers konar tilboð til að leysa úr þeim vanda sem eignir þeirra í íslenskum krónum valda íslenskum fjármálastöðugleika. Við blasir enda að kröfuhafarnir fá ekki að skipta þessum eignum í erlendan gjaldeyri hjá Seðlabankanum og hverfa frá. Íslendingar eiga einfaldlega ekki gjald eyri til að skipta þeim tæplega 400 milljörðum krónum sem um ræðir til að slíkt væri gerlegt.

Þeir sem stýra hinu svokallaða óformlega kröfuhafaráði búanna tveggja hafa, ásamt slitastjórn Glitnis, leitað eftir samtali við Seðlabankann eða forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar til að leggja til lausnir sínar á þessum vanda. Í framhaldinu vonast þeir til að fá að klára nauðasamninga sem beðið hafa afgreiðslu í um ár og fá greitt út úr búunum. Þessar umleitanir hafa gengið vægast sagt illa.

## Viðræðum hafnað

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í viðtali við Kjarnann 22. ágúst síðastliðinn að það væru sameiginlegir hagsmunir kröfuhafa og íslenskra stjórnvalda að leysa úr þessum vandkvæðum þannig að hægt yrði að afnema gjaldeyrishöft. „Þess vegna finnst mér tilefni til að gera ráð fyrir því að kröfuhafarnir muni vilja leggja fram lausn. Þeir þurfa að sýna frumkvæði í þessu. Ég geri ráð fyrir að kröfuhafarnir séu að meta stöðu sína og hvað sé raunhæft. Vonandi gerist það fljótlega,“ sagði Sigmundur Davíð.

Slitastjórn Glitnis sendi fimm dögum síðar erindi á Sigmund Davíð, Bjarna Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og Má Guðmundsson seðlabankastjóra. Í því kom fram að kröfuhafar væru tilbúnir til viðræðna um hvað þyrfti að gera til að leyfa þeim að klára nauðasamninga sína.

Seðlabankinn svaraði erindinu mánuði síðar. Í svarinu sagði meðal annars að „þó nákvæmri greiningu sé ekki lokið



## KAUPPING ÆTLAR EKKI AÐ GERA TILBOÐ

Pótt slitastjórn Glitnis hafi leitað eftir samninga-  
viðræðum við Seðlabankann eða ríkisstjórnina og  
helstu fulltrúar stórra kröfuhafa bæði þess banka og  
Kaupþings virðist styðja við þær umleitanir er ekkert  
slíkt tilboð á leiðinni frá þrotabúi Kaupþings. Þeir

sem stýra því búi telja það einfaldlega ekki í sam-  
ræmi við ákvæði laga um starfsemi slitastjórna. Auk  
þess telja þeir að slitastjórnir hafi ekki vald til þess  
að gefa eftir eignir búanna, hvorki að eigin frum-  
kvæði né samkvæmt fyrirmælum hluta kröfuhafa.

liggur þegar fyrir að Seðlabanki Íslands getur ekki gefið  
jákvætt svar við undanþágubeiðni slitastjórnar Glitnis nema  
að fyrir liggja lausn varðandi þær eignir sem munu að óbreyttu  
hafa neikvæð áhrif á greiðslujöfnuð Íslands við það að eignir  
búsins verði greiddar út til kröfuhafa, sem eru[...]93,8% er-  
lendir.[...] Til þess að Seðlabankanum sé unnt að veita unda-  
þágu til fyrrgreinds nauðasamnings þarf því a liggja fyrir  
lausn hvað þessar eignir varðar þannig að áhrif af útgreiðslu-  
þeirra til erlendra kröfuhafa rúmist vel innan svigrúms  
greiðslujafnaðar Íslands of áforma um losun fjármagnshafta.  
Mikilvægt er að undirstrika að hér er ekki um samningsefni  
að ræða. Annað hvort er skilyrðið uppfyllt eða ekki. Undan-  
þágubeiðni Glitnis uppfyllir ekki þetta skilyrði að svo stöddu“.

Seðlabankinn sagðist hins vegar vera tilbúinn að leggja  
mat á það hvort líkur væri á að einstakar leiðir sem kröfu-  
hafarnir legðu fram myndu fullnægja þeim skilyrðum sem  
bankinn telur nauðsynleg til að heimila undanþágu fyrir  
nauðasamninga föllnu bankanna. „Hafi slitastjórn Glitnis hf.  
útfærðar hugmyndir þar að lútandi, eins og fullyrt er í bréfi  
hennar, er bankinn tilbúinn að ræða þær.“

### Sviðsmyndir kröfuhafa

Kjarninn hefur undir höndum þær sviðsmyndir sem full-  
trúar kröfuhafa bæði Glitnis og Kaupþings hafa teiknað upp  
til að leysa þennan vanda. Sviðsmyndirnar hafa aldrei áður  
birst opinberlega. Þær eru hluti af greiningu sem unnin er  
af ráðgjafarfyritækinu Talbot Hughes McKillop, sem vinnur  
mikið fyrir kröfuhafa bankanna. Þessar sviðsmyndir hafa  
verið kynntar Seðlabankanum og ljóst er á viðbrögðum hans  
að bankinn telur þær ekki viðunandi.

## Sviðsmynd 1

Bæði Íslandsbanki og Arion banki seldur fyrir gjaldeyri.

	Glitnir	Kaupþing	Samtals
a	269	127	396
b	-143	-112	-256
c	-55	-15	-70
d	-70	0	-70
e	0	0	0

## Sviðsmynd 2

Íslandsbanki seldur fyrir gjaldeyri

	Glitnir	Kaupþing	Samtals
a	269	127	396
b	-143	0	-143
c	-55	-64	-119
d	-70	-63	-134
e	0	0	0

## Sviðsmynd 3

Arion banki seldur fyrir gjaldeyri

	Glitnir	Kaupþing	Samtals
a	269	127	396
b	0	-112	-112
c	-55	-15	-70
d	-214	0	-214
e	0	0	0

## Sviðsmynd 4

Hvorugur bankinn seldur fyrir gjaldeyri

	Glitnir	Kaupþing	Samtals
a	269	127	396
b	0	0	0
c	-55	-64	-119
d	-214	-63	-277
e	0	0	0

Allar tölur eru í milljörðum króna

a Eignir í íslenskum krónum (ISK) b Sala nýju bankana fyrir gjaldeyri c Uppgjör við innlenda aðila í íslenskum krónum (ISK) d Skuldabréf í erlendum gjaldeyri (FX) e Magn íslenskra króna í eigu kröfuhafa eftir aðgerðir

Sviðsmyndirnar, sem eru fjórar, sýna þær leiðir sem kröfuhafarnir eru tilbúnir að fara miðað við hvernig Íslandsbanki og Arion banki, stærstu innlendu eignir þeirra, og uppgjör við innlenda kröfuhafa þróast.

Samkvæmt þeim eru heildareignir þrotabúanna 396 milljarðar króna. Stærstur hluti þeirra er eignarhlutur í Íslandsbanka (143 milljarðar króna) og Arion banka (112 milljarðar króna). Sviðsmyndirnar gera ráð fyrir því að Íslendingar eigi tvönn konar möguleika á „afslætti“.



## BANKASKATTI VERÐUR MÓTMÆLT

Í fjárlagafrumvarpi Bjarna Benediktssonar, sem lagt var fram fyrir í þessum mánuði, kemur fram að ríkið ætli sér að láta bankaskatt ná yfir fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Alls á að ná í 11,3 milljarða króna úr búunum með þessum skatti. Steinunn Guðbjarts-

dóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, hefur lýst því yfir að skattlagningunni verði mótmælt. Jóhannes Rúnar Jóhannesson, sem situr í slitastjórn Kaupþings, hefur sömuleiðis sagt að búið sé að skoða lögmæti slíkrar skattheimtu.

### Tvenns konar „afsláttur“

Annars vegar geti innlendir aðilar fengið að kaupa annan bankann með ríflegum afslætti ef þeir borgi með erlendum eignum. Augljóst er að þar er horft til lífeyrissjóðanna sem kaupanda. Hinn bankann vilja þeir selja útlendingum. Á meðal þeirra sem hafa lýst yfir áhuga á að kaupa Íslandsbanka eru Kínverski alþýðubankinn og fjárfestar frá Hong Kong.

Hinn afslátturinn yrði við útgreiðslu krafna til innlendra aðila, en þeir eiga um sex prósent af heildarkröfum. Kröfuhafarnir vilja „kaupa“ þær erlendu eignir sem íslensku kröfuhafarnir eiga að fá við útgreiðslu af þeim með íslenskum krónum og eru tilbúnir að gefa eftir um 70 milljarða króna við það uppgjör. Ávinningur af því myndi renna að mestu til Seðlabanka Íslands, sem á um 2/3 hluta af innlendum kröfum í bú Glitnis og Kaupþings.

Allar sviðsmyndirnar gera hins vegar ráð fyrir því að við uppgjör bankanna verði eftir skuldabréf milli þrotabúanna og kröfuhafanna upp á 70 til 277 milljarða króna, eftir því hvernig gengi að selja bankanna tvo. Skuldabréfin ættu síðan að greiðast til kröfuhafanna yfir lengri tíma. Afar ólíklegt verður að teljast að Seðlabankinn muni sætta sig við slík skuldabréf sem hluta af uppgjöri þrotabúa bankanna. Þau yrðu í eðli sínu ekki ólík því skuldabréfi sem nýi Landsbankinn skuldar þrotabúi sínu og er að mati Seðlabankans ein stærsta ógn við fjármálastöðugleika landsins, enda ljóst að nýi bankinn á ekki gjaldeyri til að standa undir því.

Már Guðmundsson hefur raunar talað á þessum nótum. Hann sagði við Bloomberg nýverið að til að klára nauðasamninga sína þyrftu þrotabúin að koma með lausn sem

skaðaði ekki íslenskt efnahagslíf. Því virðist sem „tilboð“ kröfuhafa rími ekki við hugmyndir Seðlabankans.

## Langt frá hugmyndum ríkisstjórnarinnar

Það rímar hið minnsta alls ekki við þær hugmyndir sem sitjandi ríkisstjórn hefur um lausn vandans og afnám hafta. Þótt ríkisstjórnin hafi ekki formlega sýnt á spil sín hefur glitt í þau. Sigmundur Davíð sagði til dæmis í viðtali við Bloomberg í síðasta mánuði að hann vildi að útlendingar gæfu eftir um 3,8 milljarða dala af þeim um átta milljörðum dala sem þeir eiga hérlandis í krónueignum. Gengi það eftir yrði hægt að afnema höft. Sú upphæð sem Sigmundur Davíð vill að útlendingarnir gefi eftir er rúmlega 460 milljarðar króna ef hún er umreiknuð í krónur á gengi Seðlabanka Íslands.

Þeim átta milljarðar dala, um 975 milljörðum króna, sem útlendingar eiga í íslenskum krónum má skipta í þrjá hópa: í fyrsta lagi eignir kröfuhafa Glitnis og Kaupþings sem eiga 396 milljarða króna, í öðru lagi kvikar krónueignir í erlendri eigu sem bundnar eru í íslenskum ríkisskuldabréfum, skuldabréfum á Íbúðalánasjóð og innstæðum, en sá hópur á um 341 milljarð króna, og í þriðja lagi íslenskar eignir kröfuhafa annarra fjármálafyrirtækja í slitameðferð.

Samningsstaða þeirra sem eiga kviku krónueignirnar er ekki beysin og líklegast verður að teljast að eigendur þeirra verði tilbúnastir allra í samningaviðræður um að gefa eftir stóran hluta eigna sinna. Hinir hóparnir, kröfuhafar fallinna banka, gætu reynst erfiðari viðureignar. Þeir virðast ekki hafa mikinn áhuga á að gefa mikið af eignum sínum eftir umfram það sem þeir telja nóg til að tryggja fjármála-stöðugleika á Íslandi. Það virðist vera stál í stál og baráttan gæti vel endað fyrir dómstólum.



Svar Seðlabankans  
við erindi slitastjórnar  
Glitnis



**BLEIKA  
UPPBOÐIÐ**



Krabbameinsfélagið



# TAKTU ÞÁTT Í BLEIKA UPPBOÐINU



**KAUPTU BLEIKU SLAUFUNA  
BLEIKASLAUFAN.IS**



# Inn og upp eða út og niður

Þétting byggðar eða dreifð úthverfabyggð?

**SKIPULAGSMÁL**  
Guðmundur Kristján  
Jónsson

**S** amfélagsleg ábyrgð þeirra yfirvalda sem koma að borgarskipulagi er mikil. Umhverfið sem við búum í markar lífsgæði okkar og í tilfelli höfuðborgarsvæðisins er um að ræða lífsgæði um 80% landsmanna. Sem höfuðborg gegnir borgin einnig veigamiklu hlutverki gagnvart landsbyggðinni og því má segja að skattgreiðendur allir eigi þá réttmætu kröfu að borgin sé rekin á sem hagkvæmastan hátt. Hagkvæmni er hins vegar sérlega flókið hugtak með tilliti til borgarskipulags og þá sér í lagi þegar kemur að samgöngumálum.



# Þ

rátt fyrir að stofn- og rekstrarkostnaður hins opinbera vegna samgöngumála sé í flestum tilvikum skýr er ekki sömu sögu að segja um annan raunkostnað umferðar. Honum má skipta í tvo flokka; innri og ytri kostnað. Innri kostnaður umferðar, líkt og aksturs- og tímakostnaður, veltur á tímavirði vegfarenda og fjarlægðum en ytri kostnaður veltur á fjölda umferðarslysa og vægi umhverfisáhrifa. Alla þessa þætti er erfitt að meta nákvæmlega til fjár en þó er ljóst að allur umferðarkostnaður hækkar með aukinni umferð.


## Umferðarteppur þrátt fyrir hátt þjónustustig

Einkabíllinn hefur verið ráðandi samgöngutæki Reykvíkinga síðustu áratugi og er bíl eign borgarbúa í kringum 550 bílar á hverja 1.000 íbúa, sem er eitt hæsta hlutfall í Evrópu. Fyrir vikið eru umferðartafir farnar að gera vart við sig á stofnbrautum borgarinnar á háannatímum þrátt fyrir hátt



Smelltu til að sjá vöxt þéttbýlis eftir löndum

## Íbúar heimsins sem búa í þéttbýli



Heimild: WHO

\*Tölurnar byggja á spám.

„Í dag býr um helmingur borgarbúa í heiminum í borgum þar sem íbúafjöldi er um 100 til 500 þúsund og innan við tíu prósent búa í svokölluðum „megaborgum“ þar sem íbúar eru fleiri en tíu milljónir.“



Smelltu til að sjá aðal-  
skipulag Reykjavíkur

þjónustustig. Til að anna framtíðarumferð er því tvennt í stöðunni; að hækka þjónustustigið með umfangsmiklum umferðarmannvirkjum eða auka hlutdeild annarra samgöngumáta innan borgarinnar og skapa þannig forsendur til að fresta framkvæmdum stórra umferðarmannvirkja. Síðarnefndi kosturinn gefur borginni kost á að vaxa án þess að bílaumferð aukist og samkvæmt samgönguáætlun frá 2011–2022 hefur sá kostur orðið fyrir valinu hjá yfirvöldum. Á tímabilinu stendur til að fjárfesta í innviðum fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur fyrir rúma fimm milljarða króna og öðrum níu milljörðum verður varið í rekstur almennings-samgangna. Til samanburðar verður um sex milljörðum varið í önnur umferðarmannvirki.

### Forsendurnar eru þétting byggðar

Þarna er um gríðarlega háar upphæðir að ræða og því eðlilegt að líta á þessa stefnubreytingu í samgöngumálum út frá hagkvæmnissjónarmiðum. Fjöldinn allur af rannsóknum bendir til þess að aukin hlutdeild almennings-samgangna, hjóleiða og gönguferða lækki raunkostnað umferðar. Hins vegar þurfa ákveðnar grunnforsendur að liggja að baki því að fjárfestingar líkt og nú á að ráðast í á höfuðborgarsvæðinu skili þeirri hlutdeildaraukningu sem til þarf.



Í stuttu máli snúast þær forsendur að stórum hluta um þéttingu byggðar og eins og sjá má í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur er stefnt að mikilli þéttingu byggðar í Reykjavík fram til ársins 2030. Aðalskipulagið miðar að því að skapa þær forsendur sem fjárfestingar samgönguáætlunar þarfnast til að teljast hagkvæmar. Með þetta í huga er áhugavert að skoða þær tugþúsundir undirskrifta sem borist hafa borgar-yfirvöldum vegna nýs aðalskipulags. Vissulega má þetta byggð á mörgum svæðum borgarinnar en ef þau svæði sem eru hvað mest miðsvæðis verða undanskilin er erfitt að sjá að fjármunum skattborgara sé varið á hagkvæman hátt í nýrri samgönguáætlun. Vatnsmýrin er engin undantekning þar á.

En burtséð frá öllum hugmyndum um hagkvæmni og arð-semi er einnig mikilvægt að sjá mikilvægi þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru í Reykjavík er lúta að þéttingu byggðar og öðrum umhverfisvænum áætlunum í nýju aðalskipulagi í öðru ljósi.

## **70 prósent íbúa jarðar verða í borgum**

Talið er að fyrir hundrað árum hafi 20 prósent íbúa jarðar búið í þéttbýli. Árið 1990 var hlutfallið komið upp í 40 prósent og árið 2010 bjuggu rúmlega 50 prósent jarðarbúa í þéttbýli. Talið er að árið 2030 muni hlutfallið aukast í 60 prósent og að árið 2050 muni 70 prósent íbúa jarðar búa í borgum. Í dag býr um helmingur borgarbúa í heiminum í borgum þar sem íbúafjöldi er um 100 til 500 þúsund og innan við tíu prósent búa í svokölluðum „megaborgum“ þar sem íbúar eru fleiri en tíu milljónir.

Með öðrum orðum verða borgarskipulagsmál í brenni-depli á komandi áratugum.

Í nýju aðalskipulagi er að finna fjölmargar tillögur sem miða að því að Reykjavík nútímavæðist og verði með tíð og tíma sú framúrskarandi fyrirmyndarborg sem hún hefur fulla burði til að vera. Með þéttingu byggðar, breyttum samgönguháttum og aukinni umhverfisvitund er hægt að skapa þekkingu og fordæmi sem aðrar þjóðir geta horft til og nýtt sér á komandi árum.

ns í iPad

aðeins í iPad

aðei

**Kjarninn býður nú upp á  
meira af gagnvirku  
efni í iPad-útgáfu  
sinni en áður.**

**Með því að lesa  
Kjarnann ekki í iPad þá  
ertu að missa af þeirri  
dásamlegu upplifun.**



**kjarninn**



Available on the  
**App Store**



# Ísland á orðið hörkugott landslið

Arnar Gunnlaugsson greinir íslenska landsliðið í fótbolta og stillir upp draumaliðinu sínu. Ísland mætir Kýpur á Laugardalsvelli á morgun.



**S**tyrkleiki Ísland felst í því hvað við eigum orðið hæfileikaríka leikmenn. Gæðin hjá sumum okkar leikmönnum eru slík að ég man bara ekki eftir að hafa séð slíkt lengi og þegar þau eru til staðar eigum við alltaf séns gegn hvaða liði sem er. Lars er af gamla skólanum. Taktíkin 4-4-2 er hans barn og það eru álíka jafn miklir möguleikar að hann breyti 4-4-2 eins og að Ísrael og Palestína semji um frið.

Einnig hefur hann það sem allir góðir þjálfarar hafa; heppni. Hefur einhver spáð í það að Jóhann Berg hefði aldrei spilað hægri kant gegn Sviss nema af því að Birkir er betri varnarmaður vinstra megin þar sem mesta hætta Svisslendinga var? Ég held ekki. Annað atriði; ef Ísland hefði ekki verið að tapa í hálfleik 3-1 á móti Sviss hefði taktíkinni aldrei verið breytt. Ég sagði áðan að Lars væri þjálfari af gamla skólanum. Ástæðan er einföld; hann er með tvo tæklara í miðjustöðunni frekar en tæklara og góðan fótbolta-  
mann.

Fótbolti fer að mestu fram á miðjunni. Það sem Spán-  
verjar áttuðu sig á er að það er betra að hafa leikmenn sem geta haldið bolta og spilað en að hafa menn sem eru varnar-  
sinnadír, það er tæklarar. Auðvitað verða menn að bíta frá sér og eins og menn sáu er Gylfi engin gunga þegar kemur að því að láta finna fyrir sér.

Gylfi hefði aldrei fengið að spila þarna og þá meina ég aldrei nema af því að við höfðum engu að tapa á móti Sviss. Það gekk upp. Gylfi átti síðan einhvern magnaðasta leik hjá miðjumanni í íslenska liðinu sem sést hefur á Laugardalsvelli í leiknum gegn Albaníu. Núna get ég ekki hugsað mér að sjá liðið spila nema að hafa Aron og Gylfa á miðjunni. Það er eitthvað sem segir mér að Heimir Hallgríms eigi meiri þátt í þessum árangri en marga grunar. Heimir sýndi það með Eyjamönnum að hann er klókur þjálfari og undirbýr lið sín vel. Það sem ég var hrifnastur af við hann var að hann vill spila fótbolta. Eiður er síðan endurfæddur, að spila loksins með alvöru fótboltamönnum, verst að hann er ekki 30 ára. Það er unun að horfa á Eið með þessa stráka inni á vellinum

# Landslið Arnars Gunnlaugssonar

ALFRED  
FINNBOGASON



KOLBEINN  
SIGPÓRSSON



GYLFI ÞÓR  
SIGURÐSSON



BIRKIR  
BJARNASON



ARON EINAR  
GUNNARSSON



JÓHANN BERG  
GUÐMUNDSSON



ARI SKÚLASON



KÁRI ÁRNASON



RAGNAR  
SIGURÐSSON



BIRKIR MÁR  
SÆVARSSON




HANNES ÞÓR  
HALLDÓRSSON



EIÐUR SMÁRI  
GUÐJOHNSEN





sem eru á svipuðu getustigi og hann – reyndar aðeins fyrir neðan því það er aðeins einn Eiður Smári.

## Veikleikar Íslands

Varnarleikur liðsins í heild er helsti veikleiki þess. Leikmenn hafa samt verið að spila vel en fæstir spila með toppliðum eins og miðju- og sóknarmennirnir gera og það sýnir sig stundum þegar við mætum toppleikmönnum og liðum þar sem refsað er fyrir hver mistök.

En styrkleikur liðsins er miðja og sókn, nýtum okkur það. Þorum að halda bolta og stjórna leiknum. Við getum það vel. Einnig er smá veikleiki hvað Lars er íhaldssamur á 4-4-2 taktíkina.

Stundum þarf að breyta um kerfi með þá leikmenn sem við höfum hverju sinni en það er erfitt að gagnrýna Lars þegar árangurinn hefur verið svona góður. Ég er meira að hugsa um þetta atriði til að bæta leikinn hjá liðinu, því það er alltaf hægt að bæta sig.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

100 ÁRA AFMÆLI  
KOSNINGARRÉTTAR KVENNA

**Auglýst er eftir framkvæmdastjóra til að annast undirbúning og framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. mars 2013 um 100 ára afmælishátíð kosningarréttar kvenna 2015.**

Um tímabundna ráðningu er að ræða. Upphaf ráðningar er samkvæmt samkomulagi, en æskilegt er að viðkomandi geti hafið sem fyrst störf eftir að ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórinn verði í fullu starfi á ráðningartímanum sem lýkur 31. desember 2015. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.

[Skoða starfið nánar](#)

## VERKEFNISSTJÓRI



**Gekon, klasastjóri „Iceland geothermal“ sem er klasasamstarf í íslenska jarðvarmageiranum, óskar eftir að ráða verkefnisstjóra til starfa. Íslenska jarðvarmaklasasamstarfið (Iceland geothermal) á sér fjögurra ára sögu um þessar mundir og er í stöðugum vexti.**

Verkefnastjóri mun hafa umsjón með þeim verkefnum sem unnið er að á vettvangi samstarfsins og sinna þannig verkefnum af ýmsum toga. Umsóknarfrestur er til og með 13. október nk.

[Skoða starfið nánar](#)

## BLAÐAMAÐUR Á ÚTGÁFUSVIÐI



**Kennarasamband Íslands (KÍ) leitar að öflugum blaðamanni til starfa á faglegum og metnaðarfullum vinnustað.**

Hlutverk blaðamanns felst í skrifum og framsetningu efnis í samráði við útgáfu- og kynningarstjóra. Um fullt starf er að ræða. Umsóknarfrestur er til og með 20. október nk.

[Skoða starfið nánar](#)



# Ekki blæs byrlega hjá Bang & Olufsen

**DANMÖRK**

Borgþór Arngrímsson

**A**llir sem fylgjast með dönsku viðskiptalífi vita að hið gamalgróna og heimsþekkt fyrirtæki Bang & Olufsen, oft kallað B&O, hefur átt í miklum rekstrarerfiðleikum á síðustu árum. Tilraunir til að styrkja reksturinn hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Ársfjórðungsuppgjör sem birt var í síðustu viku olli vonbrigðum.

Árið 1924 luku tveir ungir Danir, Peter Bang og Svend Olufsen, prófi í verkfræði frá Århus tekniske skole. Peter Bang var 24 ára, Svend Olufsen þremur árum eldri. Að prófi loknu dvaldist Peter Bang um hálfis árs skeið í Bandaríkjunum, þar sem hann vann hjá fyrirtæki sem framleiddi útvarpsviðtæki.







### **Bang og Olufsen**

Peter Bang og Svend Olufsen ákváðu árið 1924 að stofna fyrirtæki utan um framleiðslu útvarpstækja.

Eftir heimkomuna stofnaði hann ásamt Svend Olufsen skólabróður sínum fyrirtæki og ekki leituðu þeir félagar langt yfir skammt að nafninu heldur nefndu það einfaldlega Bang & Olufsen. Báðir höfðu þeir frá unga aldri haft mikinn áhuga á fjarskiptatækni og var ætlun þeirra að framleiða tæki sem gæti tekið við útvarpsbylgjum, en ekkert slíkt fyrirtæki var þá starfandi í Danmörku.

### **Seldi egg til að fjármagna efniskaup**

Foreldrar Olufsen lánuðu þeim stórt herbergi í íbúðarhúsi sínu í Struer á Jótlandi og móðirin, sem hélt hænsn og seldi egg, gaf þeim ágóðann af eggjasölnunni til að kaupa efni og tæki. Skýr verkaskipting var milli þeirra félaga; Bang sá um tæknihljóðina, Olufsen um peningamálin og solumennskuna. Reksturinn fór rólega af stað en þeir félagar voru ekki með nein bankalán á herðunum og héldu sínu striki.

Upp úr 1930 var reksturinn kominn á skrið, fyrirtækið flutt





### Verksmiðjan í Struer árið 1938

Nasistar brenndu fyrstu verksmiðju þeirra félaga í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Þeir byggðu nýja á sama stað í Struer á vestanverðu Jótlandi.

en ástæðan var sú að þeir Bang og Olufsen neituðu að vinna með og styðja Þjóðverja. Verksmiðjan var endurbyggð á sama stað og á árunum eftir stríð voru þar um skeið meðal annars framleiddar rafmagnsrakvélar (sem þykja safngripir í dag).

Það átti hins vegar ekki fyrir þeim æskuvinunum að liggja að sjá fyrirtækið verða að stórveldi á sínu sviði. Svend Olufsen lést árið 1949, tæplega 53 ára, og Peter Bang árið 1957, fimmtíu og sjö ára. Fyrirtækið lifði áfram og sjötti og sjöundi áratugurinn voru miklir uppgangstímar, þar sem sjónvörp, hljómflutnings- og útvarpstæki voru á þessum árum að verða almenningseign.

B&O hafði þegar þarna var komið unnið sér sess: vönduð vara með nýjustu tækni og framúrskarandi hönnun. Tæknilegu hliðina, þróunina á því sviði og alla framleiðsluna annaðist starfsfólkið í verksmiðjunni í Struer en útlitshönnun þekktir fagmenn á sínu sviði: Ib Fabiansen, Jacob Jensen og David Lewis. Þeim tókst ætíð að hitta naglann á höfuðið og B&O hefur um áratuga skeið verið leiðandi fyrirtæki hvað hönnunina varðar. B&O hefur aldrei reynt að höfða til fjöldans, heldur til þess hóps sem vill vandaða vöru og leggur sömuleiðis mikið upp úr útliti. Sjónvarpstæki er ekki bara sjónvarpstæki, það er líka húsgagn, áberandi húsgagn, sagði Jacob Jensen einhvern tíma í viðtali. Ein ástæða þess að B&O höfðar ekki til fjöldans í sama mæli og

í eigið húsnæði og tvímenningarnir búnir að marka sér þá stefnu að framleiða einungis gæða-vöru með sérstakri áherslu á hljómgæði og útlitshönnun.

Undir lok síðari heimsstyrjaldar brenndu stuðningsmenn nasista verksmiðjuna í Struer,



Smelltu til  
að kynna þér  
sérstöðu B&O

mörg önnur tæki á markaðnum er verðið, sem alltaf hefur verið hátt samanborið við vörur annarra framleiðenda. Á uppgangstímum er verð hlutanna kannski ekki það sem öllu ræður, en það eru ekki alltaf uppgangstímar.

Undanfarin ár, eftir bankahrunið, hafa einkennst af samdrætti á flestum sviðum og einkaneysla hefur dregist saman. Fólk, ekki síst á Vesturlöndum, heldur fastar um budduna, kaupir ódýrari vöru, fer sér hægar í að endurnýja heimilis-tæki, bíla og svo framvegis. Þar við bætist svo ný tækni sem fleygir fram með hverju ári.

## Minnkandi sala um árabil

Framleiðendur svonefnds lúxusvarnings hafa margir hverjir orðið harkalega fyrir barðinu á samdrættinum og þar er Bang & Olufsen ekki undantekning. Fyrirtækið, sem er með um tvö þúsund manns í vinnu, hefur nú um árabil mátt horfa upp á minnkandi sölu. Færri leggja leið sína í B&O-verslanirnar og flestir þeir sem þangað koma kaupa ekki. Kannanir sýna að verðið fælir frá. „Af hverju ætti ég að kaupa B&O-sjónvarp þegar ég get fengið prýðilegt tæki fyrir einn fimmta af verðinu?“ er algengt svar þegar spurt er hvers vegna.

Á árunum 2011–2012 setti B&O á markaðinn nýja „vörlínu“ sem nefnd er B&O Play. Hún er bæði einfaldari og ódýrari en áður hefur þekkt frá B&O og er ætlað að mæta þörfum markaðarins eins og einn stjórnenda fyrirtækisins komst að orði. Salan á Play-vörunum gengur að sögn bæri-lega en þótt þær séu ódýrar á hefðbundinn B&O-mælikvarða eru þær þó dýrari en margt sambærilegt á markaðnum.

Ekki eru allir jafn vissir um að ákvörðunin um Play-vörlínuna hafi verið skynsamleg. Sérfræðingur í markaðsmálum og sölugreiningu sem eitt dönsku blaðanna ræddi við sagði að þótt Play-vörurnar gæfu aura í kassann í augnablikinu væri ekki þar með sagt að það yrði svo til frambúðar. Hættan er að mati sérfræðingsins sú að með því að fara inn á ódýrari brautir, eins og það var orðað, geti fyrirtækið glatað sérstöðu sinni og þeirri ímynd sem það hefur öðlast á undanförunum áratugum.

Ársfjórðungsuppgjör B&O sem var birt í síðustu viku

olli vonbrigðum. Stjórnendur vonuðust eftir aukinni veltu, fjögurra til sex prósentu aukningu, en í ljós kom að í stað aukningar hafði veltan dregist saman um nær átta prósent. Þrátt fyrir þetta segjast stjórnendurnir bjartsýnir. Ástæða þeirrar bjartsýni tengist einkum aukinni bílasölu víða um heim, en B&O hefur um skeið verið í náinni samvinnu við nokkra bílaframleiðendur, einkum framleiðendur dýrari bíla. Að undanfögnu hefur orðið mikil aukning í sölu bílahljóm-tækja frá B&O nefnt Automotive, og þann garð ætlar fyrirtækið í auknum mæli að rækta, sagði forstjórinn á fréttamannafundi fyrir nokkrum dögum. Þá hyggur B&O á mikla markaðssókn í Asíu, einkum Kína. Þar er ætlunin að opna fimmtíu verslanir á næstu mánuðum, en áherslan verður fyrst og fremst á Play-vörulínuna.

Þótt þær vörur gefi minna af sér en hinar dýrari sem B&O framleiðir vonast stjórnendur til að aukin sala bæti það upp og helst gott betur. Hvort sú verður raunin er engin leið að segja til um.

Þegar Danir eru beðnir að nefna dæmigerð dönsk vörumerki eru nokkur nöfn sem oftast heyrast. LEGO er oftast nefnt, svo koma nöfn eins og Tuborg, Carlsberg, Lurpak (smjör), Álaborgarákavíti, Danfoss, B&O, Georg Jensen og Royal Copenhagen.

„Þetta er félagsskapur sem við viljum gjarna vera í áfram,“ sagði forstjóri B&O á áðurnefndum fréttamannafundi. Víst er að flestir eða allir Danir geta tekið undir þessi orð forstjórans en fyrirtækið verður að finna nýjar leiðir til að auka söluna, að öðrum kosti er framtíðin óviss.



# GALLERÍ





### Harmleikur á Lampedusa-eyju

Þetta vegglistaverk á að sýna andlit innflytjenda í hinni ítölsku Lampedusa-höfn. Hundruð kafara og björgunarmanna hafa leitað líka afrískra innflytjenda alla vikuna eftir að bátur sem flutti þá yfir Miðjarðarhafið sókk. Á fjórða hundrað eru taldir af en þegar hafa 211 lík fundist. Hafið umhverfis Lampedusa hefur undanfarið verið líkt við gríðarlega fjöldagröf og hafa einstaka ráðherrar í ríkisstjórn Ítalíu kallað eftir slökunum á innflytjendalöggjöfinni.

Mynd: AFP





### Bretar bregða sér í gervi uppvakninga

Þessari stúlku brá heldur betur þegar breskur hermaður í gervi uppvaknings stökk úr fylgsni sínu nærri Carver-herstöðinni norður af London. Þúsundir taka þátt í árlegum leik herstöðvarinnar sem gengur út á að hermenn klæða sig upp sem uppvakningar og reyna að ná þremur lífum af þátttakendum. Keppendurnir þurfa að komast yfir fimm hryllilega kílómetra til að komast lífs af. Tapi keppandi öllum lífum sínum fær hann hins vegar skjal sem segir hann sýktan.

Mynd: AFP





### **Bóluset gegn mænusótt**

Afganskur sjúkrastarfsmaður hafði það hlutverk á sunnudag að færa börnum í Jalalabad ónæmingarlyf gegn mænusótt. Þriggja daga bólusetningarátak stjórnvalda í Afganistan gegn mænusótt hófst á sunnudag.

Mynd: AFP







### Sundtökin æfð

Þrátt fyrir að 27 héruð í Taílandi hafi orðið fyrir flóðum og 31 hafi farist í hamförunum gátu þessi börn glaðst í gær enda hefur umhverfi þeirra sem venjulega er á þurru landi breyst í vatnaveröld. Börnin aðlöguðust aðstæðum og skemmtu sér konunglega í vatninu umhverfis búddahof í Pathum Thani-héraði.

Mynd: AFP





### Mannfjöldi í Mekka

Árlega leggja múslimar í milljónatali upp í pílgrímsferð að moskunnni í hinni heilögu borg Mekka í Sáði-Arabíu. Moskan er sú stærsta í heimi og rís umhverfis Kaaba, einn helgasta stað múslima. Í hvert sinn sem múslimar biðja eiga þeir að snúa í átt að Kaaba, en sú átt er kölluð Qibla. Braut var komið upp umhverfis Kaaba á þriðjudag svo að hreyfihamlaðir gætu uppfyllt hajj, eina af fimm stoðum trúar sinnar.

Mynd: AFP



ns í iPad

aðeins í iPad

aðei

**Kjarninn hefur breytt  
deilingarmöguleikum  
sínnum.**


**Nú er hægt að deila  
efni úr iPad-útgáfu  
Kjarnans með mun  
auðveldari hætti en  
áður.**



**kjarninn**



Available on the  
**App Store**



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Sigurlína Valgerður Ingvarsdóttir, framleiðandi hjá DICE

# Vill auka vægi kvenna í tölvuleikjaheiminum

## VIÐTAL

Baldvin Þór Bergsson



Smelltu til að  
heimsækja  
vefsíðu DICE



Smelltu til að  
heimsækja vefsíðu  
Battlefield

# A

rið 2013 er gert ráð fyrir að tölvuleikjasala í heiminum nemi um 66 milljörðum Bandaríkjadala, sem eru um 8.000 milljarðar íslenskra króna, fjárlög ríkisins í tæp fjórtán ár. Myndin sem við höfum af tölvuleikjaspilara er oft af unglingsstrák í myrkvuðu herbergi en staðreyndin er sú að hinn hefðbundni spilari er ekki til. Karlar hafa að vísu yfirhöndina þegar kemur að spilun en konur fylgja skammt á eftir og eldri spilurum fjölgar ört. Reyndar eru allar líkur á að sá sem lesi þetta viðtal hafi freistast til að opna Candy Crush, leggja kapal í tölvunni eða spila einhvern af þeim þúsundum tölvuleikja sem í boði eru. Þetta er markaður sem stækkar sífellt eins og Íslendingar ættu að vita í kjölfar velgengni CCP.

Eitt stærsta nafnið í þessum heimi er Electronic Arts (EA), sem framleiðir meðal annars vinsæla íþróttaleiki á borð við FIFA og Madden NFL, hlutverkaleiki eins og The Sims og skotleikinn Battlefield. Í lok mánaðarins kemur einmitt út Battlefield 4 og eru miklar vonir bundnar við hann. Fæstir vita hins vegar að leikurinn er búinn til í Svíþjóð af fyrirtækinu DICE, sem EA keypti árið 2005. Kjarninn hitti Sigurlínu Valgerði Ingvarsdóttur einmitt á skrifstofu DICE þar sem hún vinnur sem framleiðandi. Hún segir að starfið sé í raun verkefnastjórnun, þar sem hún leiði saman ólíka hópa sem komi að ferlinu. Það er strax ljóst hversu mikil eftirvænting ríkir vegna útgáfunnar enda er margra ára vinna að baki og tugir milljarða í húfi.

„Peningarnir sem eru settir í svona verkefni eru geigvænlegir. Tölvuleikur getur kostað jafn mikið og Hollywood-bíómynd.“ Sem dæmi má nefna Grand Theft Auto 5, sem kostar um 266 milljónir dollara í framleiðslu og markaðssetningu en seldist fyrir um 800 milljónir dollara fyrsta sólarhringinn. „Þar voru um 300 manns í fimm ár að búa hann til en það er með því mesta sem svona leikur kostar. Leikir fyrir leikjatölvur kosta oft frá 40-100 milljónum dollara en upp undir 200 milljónir fyrir þá allra stærstu.“ Þetta er ástæðan fyrir öllum framhaldsleikjunum. „Þegar fyrirtæki eru búin að



### Magnaður heimur

Tölvuleikirnir eru orðnir gríðarlega nákvæmir og baki grafisku útliti þeirra liggur mikil vinna sérfræðinga í hinum ýmsum geirum sem tengjast tölvuleikjagerð. Battlefield 4 kemur út síðar í mánuðinum og ríkir mikil eftirvænting vegna útgáfu hans.

leggja svona mikla peninga í ákveðið merki er auðveldara að halda áfram með það en að búa til eitthvað nýtt.“

Stokkhólmur er að verða ein af miðstöðvum tölvuleikjaframleiðslu í heiminum því hátt í fjörtíu tölvuleikjafyrirtæki eru í borginni. Sigurlína segir að ástæðurnar séu nokkrar. Mörg tölvufyrirtæki eigi rætur sínar að rekja til Svíþjóðar auk þess sem mikil áhersla hafi verið lögð á tæknimenntun. „Svíar eru ótrúlega skipulagðir og vinnusamir. Ég er ekki sammála því sem oft er sagt að þeir vinni bara frá átta til fjögur og fari svo heim. Keyrslan hérna er mikil og jöfn og Svíar eru miklir fagmenn.“ Áhersla á tæknimenntun virðist vera að skila sér. Uppruna DICE má rekja til ársins 1992 þegar fjórir háskólastúdentar stofnuðu fyrirtæki sem fyrst um sinn var rekið í herbergi á heimavist. Rúmlega tuttugu árum síðar framleiðir það einn vinsælasta tölvuleik heims og fleiri verkefni eru á teikniborðinu. Nýlega var tilkynnt að DICE myndi framleiða leik sem byggir á hinum vinsælu Star Wars-kvikmyndum og þá er fyrirhugað að gera nýja útgáfu af leiknum Mirror's Edge, sem kom fyrst út 2008 og þykir nokkuð óvenjulegur. Aðalsöguhetjan er nefnilega kona, en það sem meira er, engin áhersla er lögð á kynþokka.

## UMDEILD BIRTINGARMYND KVENNA Í TÖLVULEIKJUM

„Þessi birtingarmynd kvenna í tölvuleikjum er einna skýrust í áðurnefndum Grand Theft Auto. Þar eru í raun engar reglur og spilarinn getur gert það sem honum sýnist, meðal annars drepð fólk og nauðgað konum. Framleiðendur leikjarins hafa reyndar neitað því að um nauðgunarsenu sé að ræða þegar karlmaður sem er ber að neðan liggur á konu á

meðan annar beinir að henni vopni. Mennirnir hafi ekki ætlað að nauðga henni, heldur éta hana. Þetta hafi því bara verið mannætur en ekki nauðgarar. Með þessu atriði vilji þeir gefa spilaranum kost á að taka siðferðislega afstöðu til þess hvort hann komi konunni til bjargar eða ekki.“

### Kynþokkafullar og ósjálfbjarga konur

„Ég held að tölvuleikjaframleiðendur hugsi mjög mismikið um kyn. Það er mjög óalgengt að aðalsöguhetja í tölvuleik sé kona og þykir sérstakt. Hérna innanhúss eru menn mjög ánægðir með Faith, sem er bara töff stelpa án þess að nokkuð sé gert úr því. Fyrir þennan leik er bara eðlilegt að söguhetjan sé kona.“ Þetta er undantekningin frá reglunni því konur eru sjaldnast í aðalhlutverki í tölvuleikjum. Þegar það gerist er gjarnan gert út á kynþokka og ýkta líkamsbyggingu, eins og í tilvikum Löru Croft í Tomb Raider-leikjunum. „Það vill því miður verða þannig að það er ekki mikil breidd í persónusköpun kvenna í tölvuleikjum. Kannski má skýra það annars vegar með því að karlmenn eru meirihluti þeirra sem spila þessa leiki og hins vegar eru leikjahönnuðirnir að langstærstum hluta karlmenn. Og þá er spurningin sú hvort þetta sé vandamálið með hænuna og eggid. Er ástæðan fyrir því að færri konur spila leiki á leikjatölvum sú að þeir eru hannaðir af körlum fyrir karla frekar en að þær hafi ekki áhuga á að spila tölvuleiki? Því að þegar allur tölvuleikjaheimurinn er skoðaður er það augljóslega ekki rétt.“

Sigurlína bendir á að þessi umræða hafi eflst á síðustu árum og ekki hvað síst eftir að Anita Sarkeesian fór að skoða afþreyingariðnaðinn og birta myndbönd og greinar um hann á vef sínum Feminist Frequency. „Þegar hún tilkynnti að hún ætlaði að fara að skoða konur í tölvuleikjum varð allt vitlaust. Ákveðinn hópur karla sem spilar tölvuleiki varð brjáladaður, upplifði þetta sem árás á sig og brást við með því að ráðast á hana við öll tækifæri. Það vakti hins vegar miklu



Smelttu til að horfa á myndband Feminist Frequency

meiri athygli á henni og gerði það að verkum að hún gat búið til miklu veglegri myndbönd en upphaflega stóð til. Hún hefur til dæmis fjallað um það hvernig eitt aðalhlutverk kvenna í tölvuleikjum virðist vera að styðja við karlmennina og gera þeim kleift að ná sínum markmiðum.“ Önnur myndbönd snúast til dæmis um að hlutverk kvenna í tölvuleikjum sé eingöngu að láta karlmenn bjarga sér. Sem dæmi má nefna Super Mario leikina þar sem prinsessan lét ræna sér leik eftir leik og beið þangað til Mario kom henni til hjálpar. „Í einhverjum leiknum er prinsessan þó ein af nokkrum persónum sem hægt er að spila leikinn með og þar hafa allir sinn sérstaka kraft. Hennar kraftur er af einhverjum ástæðum skapgerðarsveifla.“

Sigurlína segir að leikur eins og GTA veki hana til umhugsunar. „Í raun er þetta „macho fantasía“. Og það sem ég velti fyrir mér er hvað það segi um okkar menningarheim að þetta skuli vera einn vinsælasti tölvuleikurinn. Eru þeir sem njóta þess að spila þennan leik að taka þátt í fantasíunni þrátt fyrir að hún feli í sér kynjamismunun, eða vegna þess að hún felur í sér kynjamismunun? Mér finnst þetta vera erfið spurning.“ Hugsanlega endurspegli þetta ákveðinn tíðaranda og það taki því nokkur ár að átta sig á hversu fáránlegt það sé að bjóða fólki upp á þetta. „Þegar ég horfði á Pretty Woman um daginn krossbrá mér. Hver býr til bíómynd þar sem aðalsöguhetjan er rómantískur og góður gaur sem kaupir sér konu og hver fer svo með tólf ára dóttur sína til að sjá þetta? Og af hverju sættum við okkur við að þetta væri eðlilegt umfjöllunarefni í kvikmynd? Ég held að í framtíðinni munum við hugsa eins um Grand Theft Auto og það sem er að gerast þar.“

## Flókið að hafa persónur af báðum kynjum

Battlefield-tölvuleikirnir eru svokallaðir fyrstu persónu skotleikir þar sem spilarinn bregður sér í hlutverk mismunandi hermanna í stríði. Nær allar söguhetjurnar eru karlmenn og það liggur beinast við að spyrja Sigurlínu hvort það sé hægt að breyta hönnun leikjanna þannig að spilarinn





### Leikjaveröld

„Ef þú ætlar að vera með karla og konur sem eru aðgreinanlegar persónur þarftu að vera með tvöfalt sett af hreyfingum. Mjaðmagrindin á konum er öðruvísi og konur hreyfa sig öðruvísi en karlmenn.“

geti valið kyn. Hún segir að það sé flóknara en flestir haldi. Oftast sé búið til ákveðið mót sem sérstakar hreyfingar séu svo hannaðar fyrir. Þess vegna séu persónur í tölvuleikjum oftast jafn háar og hreyfi sig eins, því um sömu grunnhreyfingar sé að ræða. Því meiri mun sem hönnuðir vilji hafa, þeim mun meiri vinnu þurfi að leggja í hönnunina. „Ef þú ætlar að vera með karla og konur sem eru aðgreinanlegar persónur þarftu að vera með tvöfalt sett af hreyfingum. Mjaðmagrindin á konum er öðruvísi og konur hreyfa sig öðruvísi en karlmenn. Þess vegna kemur ekki vel út að nota sömu mót og hreyfingar fyrir bæði kyn og það myndi auka framleiðslukostnaðinn umtalsvert að búa til tvo grunna. Hins vegar má spyrja sig hversu miklu máli það skiptir að hreyfingarnar séu fullkomnar þegar hinn kosturinn er sá að útiloka annað kynið.“ Hugsanlega sé auðveldara að réttlæta það í stríðsleikjum að karlmenn séu í nær öllum hlutverkum því þannig sé það líka í raunveruleikanum. Í flestum öðrum tilfellum eigi þetta ekki við.

Þegar við göngum um skrifstofur DICE er auðvelt að átta sig á hversu karllægur heimur þetta er. Fyrir utan Sigurlínu sé ég tvær konur, sem vinna báðar í afgreiðslunni.

Annars eru þetta karlmenn sem sitja og spila leiki, skoða tölur og línurit, tala saman og borða. Ég fæ ekki að sjá sjálfa hönnunardeildina vegna leyndarinnar sem hvílir yfir ferlinu en þar eru flestir líka karlmenn. Þetta skýrir kannski hvers vegna auðvelt er að selja hugmyndir sem ganga út á að allt sé stærra, hraðara eða háværara en áður. Þetta er enn sem komið er karlaheimur. „Ég vinn 90% bara með karlmönnum og allir yfirmennirnir eru karlar en það eru margir staðir miklu verri en Svíþjóð.“ Sigurlína tekur sérstaklega fram að þrátt fyrir að kynjahlutfallið sé ójafnt eigi konur fullt erindi í þennan heim. Vinnan sé skemmtileg og henti konum alveg jafn vel og körlum. Enda séu sífellt fleiri konur að hasla sér völl í þessum geira.

## Gríðarleg áhersla á árangur

Ég kemst líka að því að sagan um borðtennisborðið er sönn. „Ég held að það hafi verið borðtennisborð hjá öllum tölvuleikjafyrirtækjum sem ég hef unnið hjá. Það er mikill fókus á stemmningu. Það var þannig hjá CCP, þegar ég vann hjá Massive og líka hér hjá DICE. Það er í eðli sínu mjög gaman að búa til tölvuleiki og það eru margir sem vinna hérna með mikla sköpunarhæfileika, fólk sem býr til flotta list. Borðtennisborð, billjardborð og spilakassar eru ákveðin yfirlýsing um að við vinnum ekki hjá tryggingafélagi eða við þunga alvarlega vinnu. Við gefum okkur líka tíma til að leika okkur. En þetta er orðinn einhvers konar staðalbúnaður hjá afþreyingarfyrirtækjum og kannski ekkert öðruvísi en að vera bara með ljósrítunarvél.“ Á sama tíma er gerð þung krafa um afköst, sérstaklega þegar tugir milljarða eru í spilunum. „Battlefield er svo stórt og þekkt merki og það eru svo margir sem vilja vinna hérna. Sumt af besta fólkinu í bransanum vinnur með mér. Það þýðir líka að pressan er mikil.“

# GÓÐA SKEMMTUN



SMÁRALIND



### Í hillunni

Hér má sjá dæmi um matvörur sem algengt er að fólk kaupir; annars vegar skyr með vanillubragði og síðan venjulegt hrært skyr. Verðmunurinn á þessum vörum, í jafnmiklu magni, er sláandi mikill. Skyrdolla með vanillubragði kostar 162 krónur en hrært skyr 107 krónur. Með því að hætta að kaupa með vanillubragði og kaupa hrært skyr í staðinn er hægt að spara töluvert. Margt smátt gerir eitt stórt. Svo er hrærða skyrið líka hollara.

# Þú ræður kaup- mætti launanna

## HEIMILISFJÁRMÁL

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**I** umræðu um efnahagsmál er algengt að stjórnámálemenn láti þau orð falla að stjórnvöld þurfi að grípa til aðgerða svo að kaupmáttur launa aukist. Það sama á við um fólk sem er í forsvari fyrir hagsmunasamtök og verkalyðshreyfinguna. Er þá spjótunum oftast en ekki beint að stjórnámálamönnum og þeir krafðir svara. Hvað ætlið þið að gera svo að við fáum meira fyrir peninginn? Gerið eitthvað!  
Í sjálfu sér eru spurningar í þessa veru eðlilegar. En það



gleymist oft að stjórnámálamenn hafa það ekki í hendi sér hver kaupmáttur launanna er hjá fólki, nema að mjög takmörkuðu leyti.

Of sjaldan er rætt um það að fólk ræður kaupmætti launa sinna í vissum skilningi. Alveg eins og almenningur verður að geta gert þá kröfu til stjórnámálamanna og almanna-stofnana að vel sé farið með almannafé (láni til dæmis ekki 500 milljónir evra til banka á sama tíma og neyðarrétti er beitt gegn þeim, eins og gert var 6. október 2008) verður hann að reyna að haga fjármálum sínum þannig að tekjur dugi fyrir gjöldum. Annars fer illa.

Þetta er ekkert lítið mál, þvert á móti. Alls konar óvissu-þættir geta grafið undan rekstri heimilisins, eins og mikil verðbólga og óvænt áföll.

Þrátt fyrir þetta er hægt að gera ýmislegt sem minnkar óvissuna, dregur úr líkum á því að illa fari.

Ég er áhugamaður um heimilisrekstur og hér að neðan eru nokkur heilræði þegar kemur að því að minnka útgjöld, sem hafa reynst mér og mínum vel.

1. Takmarkaðu notkun á bíl eins og kostur er. Bíll er dýr í rekstri í hlutfalli við heildarveltu venjulegs heimilishalds. Ég kynntist því að vera með þungan bílrekstur þegar við hjónin bjuggum í Kópavogi, ég vann í Hádegismóum og konan mín í 101 Reykjavík, fyrir tæpum fimm árum. Það hefði margborgað sig að nota Strætó en var erfitt þar sem það þurfti að koma syni okkar á leikskóla samhliða vinnuferðunum. Nú nokkrum árum síðar erum við þannig staðsett, í 105 Reykjavík, að tæplega þrjár kílómetrar eru til vinnu fyrir hvort okkar. Við tókum ákvörðun um að sleppa því að nota bílinn alveg í þessar ferðir til að spara. Ég labba til og frá vinnu en konan hleypur yfirleitt. Ég næ að fara með syni okkar tvo í skólana sína, leikskóla og grunnskóla, áður en ferðinni er framhaldið. Mér reiknast til að við spörum ríflega 40 þúsund krónur með þessu fyrirkomulagi á mánuði. Bensínkostnaður lækkar auðvitað mikið en það munar ekki síður um viðhaldið. Viðhald á bílum er lúmskur kostnaðarliður í heimilisbókhaldi. Því

minna sem bíllinn er notaður, þeim mun minna fer í viðhald. Ég geri mér grein fyrir því að stundum er erfitt að takmarka notkun á bíl, sérstaklega þegar þarf að fara langar vegalengdir til og frá vinnu. En það margborgar sig að skoða málið ofan í kjölinn og reyna eftir fremsta megni að takmarka notkun á bílnum. Bíllinn og allt sem honum tengist er gengis tryggð skuldbinding og það er best að hugsa hann þannig og reyna að nota hann aðeins þegar nauðsyn krefur. Það eykur kaupmátt launa heimilisins og er þar að auki heilsusamlegt.

2. Keyptu ekki of mikinn mat. Við eigum tvo stráka sem borða mikið. Annar er sex ára, hinn tæplega tveggja. Matarinnkaupin eru nokkuð hefðbundin. Sömu vörurnar, í það minnsta að mestu, eru keyptar inn í stórum innkaupum einu sinni í viku. Það sem oft er erfitt að átta sig á er hversu mikið heimilið þarf af mat því það er algjör óþarfi að kaupa of mikið af honum. Kaup á öðru sem fæst í smávöruverslunum, snyrtivörur og slíkt, hefur lengri endingartíma og þess vegna er auðveldara að nýta þær vörur til hins ítrasta. Þegar kemur að matnum vandast málið því hann hefur skamman endingartíma. Fólk hendir miklu af matnum sem það kaupir inn heilt yfir en þyrfti kannski ekki að gera það, ef það reynir að átta sig á því hversu mikið heimilið þarf af mat á mánuði. Ef matarinnkaup eru 140 þúsund á mánuði áður en farið er ofan í saumana á því hversu mikið heimilið þarf í raun er raunhæft að lækka kostnaðinn við matarinnkaupin um að minnsta kosti þriðjung, líklega meira. Kostnaðurinn við matinn í þessu tilviki gæti því farið nálægt 90 þúsundum eða jafnvel enn neðar. Að auki þarf að reyna eftir fremsti megni að kaupa ódýrt inn, velja bestu vöruna miðað við verð og vera virkur neytandi. Það getur oft verið erfitt að átta sig á því hvaða vörur það eru þar sem mest fæst fyrir peninginn. Magninnkaup geta verið skynsamleg á vörum sem hafa langan endingartíma, en hættuleg þegar kemur að vörum sem endast minna. Of oft hef ég þurft að henda vörum vegna þess að þær eru komnar fram yfir síðasta sölundag.
3. Fáðu alltaf tilboð í tryggingarnar. Ég hef haft þá venju að þegar kemur að því að endurnýja tryggingar fæ ég alltaf



tilboð frá öllum tryggingafélögum, ber saman og reyna að fá betri kjör, í stað þess að endurnýja án þess að skoða málin frekar. Þetta hefur alltaf skilað árangri. Það er samkeppni á þessum markaði. En stundum verður að hafa svoltið fyrir því að sjá hana! Hún kemur ágætlega fram þegar þetta er gert. Sparnaðurinn sem ég hef náð fram með þessu nemur um 10 prósentum árlega í heildartryggingarnar. Það munar um það. Ef heildarkostnaður við tryggingar á ári nemur 170 þúsundum er það sparnaður upp á 17 þúsund krónur. Það munar um það.

4. Viðhald borgar sig. Það er yfirleitt lítil sparnaður í því að fresta viðhaldi á húsnæðinu eða heimilistækjum. Það er betra að eyða peningum í að gera almennilega við, frekar en að fresta því og grípa til bráðabirgðaaðgerða. Best er að hugsa um þetta eins og um tvo valkosti sé að ræða. 1. Staðgreiðslu (ráðast í viðhaldið strax) eða 2. Lán með vöxtum (fresta og gera við seinna). Mín reynsla er sú að frestun þýði hærri kostnað þegar upp er staðið. Ég man til dæmis þegar mótórin í uppþvottavélinni var farinn að gefa sig. Ég beið með að láta gera við hann af því að það var ekki orðið aðkallandi og á meðan féll ábyrgðin á vélinni úr gildi. Þetta þýddi tugþúsunda kostnað, sem annars hefði verið miklu minni. Það sama á við um húsnæðið. Tíminn vinnur ekki með manni. Viðhaldið er ódýrara ef því er vel sinnt. Með sæmilegri einföldun má segja að það sé best að hugsa um þessa hluti sem fjárfestingu í því að fara vel með hluti.
5. Settu þig inn í vaxtatöflurnar, veittu bönkunum aðhald. Því miður er það svo að vaxtaumhverfið á Íslandi er flókið, einkum vegna þess að fólk verður að skilja muninn á nafnvöxtum og raunvöxtum. Til einföldunar má segja að raunvextir séu vextir að teknu tilliti til verðbólgu. Ef þú ert að fara að fjárfesta í einhverju með lánsfé, hvort sem það er hús eða bíll, skaltu setja þig í stellingarnar sem virkur neytandi. Hafðu það bak við eyrað að fátt er verra en að borga of mikið í vexti. Eftir hrun fjármálakerfisins hafa komið fram fleiri kostir við fjármögnun, þar á meðal óverðtryggð húsnæðis- og bílalan. Vextirnir á þeim eru misjafnir eftir því hvernig lánin eru hugsuð og hversu langur lánstíminn er. Þegar kemur



að húsnæðislánum er mikilvægast, að því er mér finnst, að hugsa málin aldrei út frá verðból gumarkmiði Seðlabankans, 2,5 prósentum. Ástæðan er sú að það eru yfirgnæfandi líkur á því, samkvæmt sögulegum gögnum, að það náist ekki. Betra er að skoða málin strax frá upphafi út frá hárrí verðbólgu á lánstímanum, til dæmis 4,5 prósentum. Vissulega getur reiknivél bankanna sýnt sláandi tölur með þeim hætti. Það sem mestu skiptir er að þær tölur eru nær raunveruleikanum en hitt, út frá því sem reynslan segir okkur. Yfirleitt er vaxtastigið á Íslandi sláandi hátt í samanburði við aðrar þjóðir og þar er verðbólgan helsti áhrifavaldurinn. Því miður þurfa Íslendingar að lifa við þetta og þá er best að gera sér grein fyrir því hvernig raunveruleikinn er og gera aldrei ráð fyrir að hann verði óskaplega mikið betri á næsta ári eða eftir tíu ár, þegar kemur að vöxtunum. (Þegar ráðist er í húsnæðis-kaup er líka best að hugsa málin til enda, velja staðsetningu sem hentar heimilinu vel með samgöngur í huga. Greiðar og skjótar samgöngur í helstu daglegu verkefni fela í sér minni fjárfestingu. Vissulega heilbrigð skynsemi en þetta þarf samt að hafa í huga.) Með öðrum orðum; leggðu áherslu á að undirbyggja ákvörðun um lántöku vel með raunhæfum gögnum, ekki jákvæðum spám um að hlutirnir verði miklu betri í framtíðinni. Fáðu ráðgjöf frá fólki sem þú treystir og veittu bönkunum aðhald með því að spyrja út í allt sem þér finnst þú þurfa að fá betri svör við þegar þeir eru að stilla upp valkostunum sem eru í boði.

Næst þegar þú heyrir stjórnámálamann eða forsvarsmann hagsmunasamtaka tala um kaupmátt launa, mundu þá að þú ræður kaupmættinum sjálf(ur) að miklu leyti. Það er hægt að bæta líf skjörin með því að minnka útgjöldin og til þess að það gangi upp þarf að leggja aðeins á sig. Þá opnast fyrir aðra möguleika í fjárfestingu. Ég á til dæmis voðalega erfitt með að standast þá freistingu að kaupa mér vínýlplötu þegar tækifæri gefst. Það er auðveldara að réttlæta þau kaup ef það er sannarlega búið að spara fyrir þeim.





# Nokkur álitamál sem þarf að leysa

## ÁLIT



Hrafn Magnússon  
Fyrirverandi  
framkvæmdastjóri  
Landssambands  
lífeyrissjóða

**T**jón íslenskra lífeyrissjóða í kjölfar efnahags- hrunsins fyrir fimm árum var minna en meðaltalstap lífeyrissjóða í OECD-ríkjunum. Sumir íslenskir lífeyrissjóðir á almennum vinnu- markaði urðu að bregðast við með því að skerða lífeyrisréttindi, sem vissulega er alltaf erfitt. Þeir sömu sjóðir höfðu hins vegar greitt sérstakan lífeyrisauka í góðærinu, sem nú varð óhjákvæmilega að taka til baka. Lífeyrissjóðir með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga þurftu eðli málsins samkvæmt ekki að skerða lífeyrisréttindin. Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði hafa hins vegar greitt verðtrygðan lífeyri frá hruni. Hækkunin nemur tæplega 30% miðað við vísitölu neysliverðs, sem er í takt við hækkun launa yfir sama tímabil.

Íslenska lífeyriskerfið er því öflugt og traust, þrátt fyrir hrunið haustið 2008. Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris náði því strax árið 2009 að verða meiri en hún var mest fyrir hrun og var í lok ágúst síðastliðins orðin 2.542 milljarðar króna.

Hrein eign íslenskra lífeyrissjóða nam um 140% af landsframleiðslu árið 2012. Einungis í Hollandi var hlutfallið hærra innan OECD. Í löndunum í sunnanverðri Evrópu er ástandið skelfilegt þegar litið er til lífeyrissjóðakerfanna. Eignir lífeyrissjóðanna á Ítalíu eru einungis um 5% af landsframleiðslunni og eignir grísku sjóðanna eru ekki mælanlegar í þessum samanburði.

Ástand lífeyrismála hér á landi er í góðu horfi þegar horft er til aðsteðjandi vandamála í lífeyriskerfum annarra landa í Evrópu. Þjóðirnar eru eldri, þ.e.a.s. hlutfall eldra fólks í samanburði við þá vinnandi er hærra en hér á landi. Fólk fer fyrr út af vinnumarkaðinum, jafnvel fyrir 60 ára aldurinn, og þiggur þá oft riflegar bætur frá almannatryggingum, sem eru að sliga efnahag marga ríkja. Fjöldamótmæli í Evrópu eru flest til komin vegna fyrirætlana stjórnvalda um að hækka eftirlaunaaldurinn, til dæmis upp í 67 ára. Fæðingartíðnin er líka lægri í Evrópu en hér á landi, sem hefur í för með sér að svokölluð eftirlaunakreppa er í auglýningu erlendis ef ekkert verður að gert á næstu árum. Allt virðist því leggjast á eitt að gera lífeyrismálin erfiðari viðfangs hjá flestum löndum Evrópu en hér hjá okkur Íslendingum.

Vissulega eru ýmsar blikur á lofti hér á landi hvað varðar framtíð lífeyrissjóðakerfisins ef ekki verður við brugðist. Því er rétt að hafa varann á og stefna að viðunandi niðurstöðu í nokkrum álitamálum sem snerta lífeyrissjóðina og uppbyggingu lífeyriskerfisins.

### Fyrsta álitamálið

Í fyrsta lagi þarf að koma í veg fyrir að lífeyrisgreiðslur sjóðanna skerði bætur almannatrygginga í þeim mæli sem nú tíðkast. Frítekjumarkið er of lágt, sem kemur einna harðast niður á tekjulitlum ellilífeyrisþegum. Þetta samspil lífeyris Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða þarf að laga í eitt skipti fyrir öll, því núverandi ástand grefur undan vilja fólks til að greiða í lífeyrissjóði. Að vísu hafa lífeyrissjóðsgreiðslur ekki lengur áhrif á grunnlífeyri almannatrygginga, sem ber að fagna, en stjórnvöld hafa í gegnum tíðina gengið allt of langt í skerðingum bóta almannatrygginga.

### Annað álitamálið

Í öðru lagi þarf að samræma eftir því sem kostur er lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og launþega á almennum vinnumarkaði. Halli á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, LSR, um síðustu áramót nam alls um 450 milljörðum króna, þ.e.a.s. heildarskuldbinding sjóðsins umfram eignir. Ef einungis er litið á áfallna stöðu nam hallinn alls 370 milljörðum króna. Þetta er grafalvarleg staða sem versnar með hverju ári sem líður ef ekki er gripið til viðeigandi ráðstafana. Hallinn á LSR og lífeyrissjóðum sveitarfélaga er áhyggjuefni fyrir alla þjóðina því með þessu ástandi er verið að velta skattbyrðinni yfir á komandi kynslóðir.

### Þriðja álitamálið

Í þriðja lagi þarf að aflétta gjaldeyrishöftunum gagnvart erlendum fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Fjárfestingar- umhverfi sjóðanna einkennist af gjaldeyrishöftum og fáum fjárfestingarkostum. Slík einsleitni er hættuleg til lengdar. Þegar best lét námu erlendar eignir sjóðanna um 33% af heildareignum en nú er þetta hlutfall komið niður í 22% af eignunum. Lífeyrissjóðunum er nauðsyn að dreifa áhættunni með því að fjárfesta erlendis. Íslenskur fjármálamarkaður er of lítill fyrir lífeyrissjóðina og reyndar eru umsvif sjóðanna orðin óþægilega mikil á vissum sviðum markaðarins. Hættan er líka sú að lífeyrissjóðirnir fjárfesti of mikið í ríkisskuldabréfum, sem mun hafa þau áhrif að lífeyriskerfið breytir smám saman um eðli og færast yfir í gegnumstremiskerfi, þar sem komandi kynslóðir þurfa að taka á sig greiðslu- byrðina af lánum hins opinbera. Hitt er líka áhyggjuefni, vegna þess hve einsleitur markaðurinn er og fjárfestingar- kostir fáir, að lífeyrissjóðir leiti í áhættusamari innlendar fjárfestingar. Þegar kemur að því að létta af gjaldeyrishöftunum verður það væntanlega gert í áföngum gagnvart fjárfestum. Lífeyrissjóðirnir þurfa í því sambandi að vera fremstir í þeirri biðröð ef ekki á illa að fara.

### Fjórdða álitamálið

Í fjórða lagi þarf að huga að því að hugsanlega getur komið til greina að lækka tryggingafræðilegt vaxtaviðmið lífeyris- sjóðanna, sem er nú 3,5% umfram vísitölu neysliverðs. Það mundi hafa í för með sér lækkun á lífeyrisréttindunum á almennum vinnumarkaði en þó minnst hjá eftirlaunaþegum. Með vaxtaviðmiði er átt við að sjóðirnir þurfa að meðaltali að skila 3,5% raunávöxtun til lengri tíma litið. Það er hins vegar misskilningur þegar talað er um að 3,5% sé ávöxtun- arkrafa sem sjóðirnir krefjast og vilji ekki neinum kringumstæðum lána á lægri raunvöxtum. Það er rangt og reyndar fráleitt. Auðvitað verða lífeyrissjóðirnir að setta sig við þá raunvexti sem eru í boði hverju sinni, þó svo að þeir séu lægri en ávöxtunarviðmiðið. Benda má til dæmis á það að hjá mörgum lífeyrissjóðum eru sjóðfélagalán nú með lægri raunvöxtum en sem nemur umræddu vaxtaviðmiði.

Ef litið er til síðustu tuttugu ára hefur raunávöxtun lífeyrissjóðanna verið jákvæð í sextán ár en neikvæð í einungis fjögur ár. Af þessum sextán árum hefur raun- ávöxtun lífeyrissjóðanna verið umfram 3,5% alls tólf sinnum og í fyrra var til dæmis hrein raunávöxtunin sjóðanna samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins 7,3%. Okkur liggur því ekkert á að ákveða lækkun vaxtaviðmiðsins í einhverju fljótræði. Ef kemur til lækkunar á vaxtaviðmiðinu er hyggilegast að það verði gert í áföngum.

### Fimmta álitamálið

Í fimmta lagi þarf að horfast í augu við þá staðreynd að lífslíkur landsmanna hafa aukist verulega á umliðnum árum og mun sú þróun halda áfram, þó svo að það hljóti að vera einhver takmörk á því hvað meðalævin geti lengst ef litið er til lengri tíma. Frá árinu 1990 hefur meðalævi 65 ára karla lengst um 2,4 ár (14%) og kvenna um 1,8 ár (9%). Þetta er gleðileg þróun en skapar hins vegar ákveðinn vanda hjá lífeyrissjóðunum, sem greiða ellilífeyri ævilangt. Vegna lengingar á meðalævi hafa lífeyrisskuldbindingar aukist um 10%. Við tryggingafræðilega útreikninga hefur þessi aukalega lífeyrisskuldbinding verið tekin inn í þrepum með nýjum dánar- og eftirlifanditöflum. Þannig tóku gildi um síðustu áramót nýjar töflur sem juku lífeyrisskuldbindinguna um 1% til 1,5%. Hér er reyndar um jákvætt vandamál að ræða, sem hefur þó neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna.

### Sjötta álitamálið

Í sjötta og síðasta lagi þarf við mat á eigna- og áhættu- stýringu lífeyrissjóðanna að taka fullt tillit til pólitískrar áhættu og skiptir þá litlu hvaða flokkar eru í stjórn hverju sinni. Við áhættustýringu sjóðanna þarf að taka tillit til neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Undir þetta falla breytingar á lögum og/eða reglum um lífeyrissjóðina eða túlkun þeirra sem kunna að valda verulegum breytingum á starfseminni. Hér má einnig nefna hugmyndir um breytingar á skattalögum, hvort sem um er að ræða sérstakan eigna- eða fjármagnstekjuskatt á sjóðina. Undir þessa áhættu flokkast einnig tjón sem kann að verða vegna þrýstings frá stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem geta haft neikvæð áhrif á starfsemi sjóðanna. Hér má t.d. nefna hugmyndir um að sjóðirnir fjárfesti í óarðbærum verkefnum á vegum hins opinbera, svo og að sjóðirnir gefi eftir innheimtanlegar kröfur.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundri verður að fylgja. Sendið greinar á [ritstjorn@kjarninn.is](mailto:ritstjorn@kjarninn.is)

# Fyrirmyndar-eyland?

ÁLIT



Magnús Sigurðsson  
Meistaraneini í  
umhverfis- og auðlinda-  
fræðum

**F**orsætisráðherra Íslands, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, minntist ekkert á loftslagsbreytingar í stefnuræðu sinni hinn 2. október – eða svo virtist vera. Ég hjó þó eftir því á einum stað að hann sá fyrir sér að á eyjunni okkar mætti skapa fyrirmyndarríki meðal annars vegna legu hennar „í norðri, á þeim stað á heimskringlunni sem stendur best að vígi þegar litið er til breytinga í náttúrunni [...]“.

Breytinga í náttúrunni? Hvaða breytingar er hann að tala um? Það er eins og hann sé hræddur við að nefna þær á nafn. Það er eins og hann sé hræddur við að segja orðið loftslagsbreytingar. Ætli það sé ekki sveipað of neikvæðum blæ til að fá að birtast í stefnuræðu forsætisráðherra. Sigmundur talaði þannig ekki um loftslagsbreytingar en tókst samt einhvern veginn að koma því til skila að Íslendingar myndu ekki verða jafn illa úti og aðrar þjóðir þegar litið er til þessara breytinga í náttúrunni. Var þetta kannski hans tilraun til jákvæðni, til þeirrar bjartsýni og framsækni sem við kjósendur þráðum?

Hverju sem því líður finnst mér ljótt að hrósa happi yfir óförum annarra og held að flestum þyki það raunar ósiður. Því þætti mér vænna um að Sigmundur hefði metnað fyrir Íslands hönd til þess að reyna að sporna við þessum breytingum á lofthjúpi jarðar í stað þess að gorta af tilviljunarkenndri yfirburðastöðu sem hann telur okkur hafa landfræðilega. Það aulalegasta við þetta gort er samt sú staðreynd að þessi fyrrnefnda „staða okkar á heimskringlunni“ undanskilur okkur bara alls ekki frá slæmum áhrifum loftslagsbreytinga þó svo að Sigmundur sjái nýjar siglingaleiðir um sundurbráðnaða íshellu norðurheimskautsins og meðfylgjandi stórskipahafnir í hillingum síðar í ræðunni.

Ég ætla að skauta framhjá því hversu bjánalegt það er að skoða loftslagsbreytingar ekki í hnattrænu samhengi og tileinka mér sjónarhorn Sigmundar Davíðs í augnablik – sjónarhorn sem virðist snúa einungis að hagsmunum Íslands. En þrátt fyrir að einblínt sé á Ísland er ómögulegt að komast að þeirri niðurstöðu að loftslagsbreytingar séu jákvæðar. Hér eru þrjár staðreyndir:

1. Súrnun sjávar vegna aukins kolefnisstyrks í andrúmsloftinu hefur áhrif á vistkerfi hafsins og ætti því að vera mikið áhyggjuefni fyrir fiskveiðipjóð.

2. Einnig hækkar sjávaryfirborð vegna áhrifa loftslagsbreytinga á bráðnun heimskautaíss og jökla, sem er augljóslega uggvænleg þróun fyrir þjóð með mikla byggð við sjó.

3. Loftslagsbreytingar valda aukinni tíðni öfgakenndra veðuratburða, auk þess sem breytingar í veðurfari geta haft áhrif á ýmsar atvinnugreinar á landi. Má þar nefna orkubúskap, en „framleiðslugeta vatnsaflsvirkjana er mjög háð veðurfari“ eins og segir í skýrslu vísindanefndar fyrir Umhverfisstofnuneytið árið 2008.

Kannski veit Sigmundur þetta allt. Ef svo er láist honum að horfast í augu við vandann – og honum er svo sem vorkunn, okkur er öllum vorkunn – við virðumst öll eiga mjög erfitt með að horfast í augu við loftslagsvandann þar sem við keyrum um á bílunum okkar á hverjum degi. Svo væri líka bara svo notalegt fyrir okkur, þessa „fátæku þjóð“, að fá að bíða með að hugsa um loftslagsbreytingar örlítið í viðbót, bara rétt þangað til við erum búin að gera heiðarlega tilraun til þess að dæla upp olíunni fyrir norðan land.

Nei, það er gott að líta aðeins í eigin barm. Margir vilja meina að almenningur verði að sýna frumkvæði í því að leysa vandann og það er vissulega einhver sannleikur í því. Þetta er hins vegar svo umfangsmikill vandi að það er ekki bara í höndum almennings eins og oft er látið í veðri vaka. Það er ekki nóg að kaupa umhverfisvæna dísilolíu af Olís. Reyndar er alveg áreiðanlega ekki hægt að leysa loftslagsvandann með því að versla – það er gott að hafa það bak við eyrað þegar hin og þessi fyrirtæki reyna að selja manni vörur á þeim forsendum að maður sé að bjarga heiminum með kaupunum.

Stjórnámálamennirnir okkar verða að fara að taka ákvarðanir til að sporna við loftslagsbreytingum. Við þurfum stórar pólitískar ákvarðanir. Bindandi samkomulag allra þjóða um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda ásamt hugrekki almennings til að takast á við þær efnahagslegu breytingar sem þess konar niðurskurður mun valda.

Það er þó líkt og Sigmundur telji okkur einhvern veginn vera stikkfrí í þessu öllu saman. Ísland er einhvern veginn ekki hluti af heiminum í stefnuræðu forsætisráðherra. Fyrirmyndarland Sigmundar Davíðs er einhverskonar fljóttandi eilífðarvél úti í miðju Atlantshafi. Þetta getur auðvitað virkað sannfærandi þegar maður skoðar hnattlíkan eða landakort; vissulega eru mjög skýrar útlínur sem skilja Ísland frá afganginum af heiminum. Það þarf þó kannski einhver að minna Sigmund á að gróðurhúsalofttegundir, meðalhitastig jarðar og veðurfar almennt lætur sig landamæri lítið varða.

Ég fékk samt á tilfinninguna þegar ég las ræðuna hans Sigmundar að Ísland væri ekki stikkfrí þegar kemur að loftslagsbreytingum einungis vegna þess að hann teldi þær jákvæðar fyrir okkar land, heldur líka vegna þess að hann teldi okkur svo umhverfisvæn að við gætum einhvern veginn ekki átt hlutdeild í þessu raski. Skoðum smá bít úr ræðunni:

„Ef við Íslendingar ætluðum að framleiða þá raforku sem við framleiðum nú þegar á umhverfisvænan hátt en gera það með brennslu kola þyrftum við að flytja inn og brenna hátt í 8,5 milljónir tonna af kolum árlega. Við þyrftum að brenna 26 tonn af kolum á hvern einasta Íslending á ári. 26 tonn á mann! 63 þingmenn þyrftu meira en 1.600 tonn fyrir sína hlutdeild í raforkuframleiðslunni. Allur þessi salur — þótt hátt sé til lofts — dygði ekki til að hýsa allt það kolamagn sem þyrfti að brenna bara fyrir þessa 63.“

Hér dregur Sigmundur upp mynd af þingsal Alþingis stútfullum af kolum. Hann malar mynd af kolsvörtum raunveruleika sem er órafjarlægur okkur Íslendingum því við notum svo umhverfisvæna orku. Á móti dettur mér hins vegar í hug að mála mynd af Alþingissalnum fullum af olíu en sú olía væri ekki svo óraunveruleg. Þar væri komin olían sem við flytjum inn í massavís fyrir bílana okkar og skipaflotann og kannski mætti líka sjá þar biksvarta hráolíu laumast inn í myndflötinn úr skínandi björtum draumum okkar Íslendinga um svartagullið í hafinu þarna einhvers staðar í áttina að Jan Mayen.

Þegar stjórnámálamenn standa frammi fyrir erfiðum vandamálum eiga þeir eitt mjög gott vopn: orðið tækifæri. Það felast nefnilega tækifæri í vandamálum og tækifæri eru af hinu góða. Klókur stjórnámálamaður kann þannig að umbreyta vandamálum í tækifæri. Sigmundur gerir þetta í lok ræðu sinnar. Hann talar um tækifæri en honum tekst ekki að kveikja hjá mér von. Hann talar um sátt við náttúruna en ég trúi ekki orði. Hann talar um fyrirmyndarland en hefur láðst að nefna á nokkrum stað í ræðu sinni hverjum við eigum að vera fyrirmynd.

„Nú stöndum við, rúmlega 300 þúsund manna þjóð, frammi fyrir tækifæri til að gera landið okkar að sannkölluðu fyrirmyndarlandi, framfarasinnuðu landi þar sem hugað er að velferð allra, þar sem auðlindir eru nýttar í sátt við náttúruna og samheldið og hamingjusamt fólk lifir í öryggi alla sína daga.“

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundi verður að fylgja. Sendið greinar á [ritstjorn@kjarninn.is](mailto:ritstjorn@kjarninn.is)



# Bíða gagna frá Lúxemborg

## DÓMSMÁL

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**S**ex umboðssvikamál sem eiga rætur að rekja til bankastarfsemi í Lúxemborg eru nú til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. Í málunum, sem öll tengjast hinum fallna Landsbanka Íslands, hafa gögn ekki enn borist frá Lúxemborg hingað til lands og hefur embættið fengið skilaboð um að vinnunni í Lúxemborg verði ekki lokið fyrir áramót. Ljóst er því að langt er í að rannsókn á málunum ljúki, en aðeins að því loknu er hægt að ákveða hvort ákæra verður gefin út.



Hald var lagt á gögnin eftir húsleitir og gagnaöflun á grundvelli réttarbeiðna þar um, en réttardómari í Lúxemborg hefur ekki enn gefið grænt ljós á að sérstakur saksóknari fái gögnin afhent til úrvinnslu og frekari rannsóknar. Mikið álag er á embættum rannsóknardómara og lögreglu í Lúxemborgar vegna rannsókna á fjölmörgum málum er tengjast fjármálafyrirtækjum í landinu. Beiðnir um gögn hafa borist víða að, en nokkuð hátt hlutfall þeirra er frá Íslandi, samkvæmt heimildum Kjarnans. Vegna þessa mikla álags og strangra laga og reglna um hvernig skuli fara með haldlögð gögn er útlit fyrir að nokkrir mánuðir til viðbótar muni líða þar til embætti sérstaks saksóknara fær gögnin í fyrirnefndum málum afhent.

## Þrjátíu manns

Aðgerðir vegna rannsókna á fyrirnefndum málum fóru meðal annars fram 17. apríl í fyrra þegar þrjátíu manns framkvæmdu húsleitir á þremur stöðum; á skrifstofum Landsbankans í Lúxemborg og á skrifstofum tveggja fyrirtækja þar sem grunur lék á að gögn er tengdust málunum væru geymd. Sex manns frá embætti sérstaks saksóknara, þar á meðal Ólafur Þ. Hauksson saksóknari, tóku þátt í aðgerðunum og 24 starfsmenn rannsóknarlögreglunnar í Lúxemborg, samtals 30 manns. Eitt málanna tengist meintri markaðsmisnotkun Landsbankans vegna fjármögnunar bankans á hlutabréfum sem útgefin voru af honum sjálfum.

## Lán til félaga

Margar lánveitingar eru undir í rannsókn á þessum málum, meðal annars lán Landsbankans til félaganna Hunslow S.A., Bruce Assets Limited, Pro-Invest Partners Corporation og Sigurðar Bollasonar ehf. til kaupa á hlutabréfum í Landsbankanum. Fjallað er um þessar lánveitingar í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (RNA). Hunslow var í eigu Stefáns Ingimars Bjarnasonar og námu heildarlán til þess 1,6 milljörðum króna samkvæmt upplýsingum úr skýrslu RNA. Félagið Pro-Invest var í eigu Georg Tzvetanski, búlgarsks

viðskiptafélaga Björgólfs Thors Björgólfssonar. Þetta félag fékk 4,5 milljarða yfirdráttarlán hjá Landsbankanum í Lúxemborg til þess að kaupa hlutabréf í Landsbankans, seint í septembermánuði 2008, skömmu fyrir fall bankanna. Bruce Assets var í eigu bræðranna Ólafs Steins og Kristjáns Guðmundssona og fékk það lán frá Landsbankanum til kaupa á hlutabréfum í bankanum.

Félagið Sigurður Bollason ehf. var í eigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis og fékk um 3,5 milljarða lán frá Landsbankanum til þess að kaupa bréf í Landsbankanum.

## Kaup á lánasafni

Eitt þeirra mála sem beðið er gagna um er tengt kaupum Landsbankans á Íslandi á lánasafni Landsbankans í Lúxemborg, en samtals voru þessi viðskipti upp á 784 milljónir evra samkvæmt upplýsingum úr skýrslu RNA. Þá eru kaup félaga sem héldu á kauprétti starfsmanna Landsbankans, á hlutabréfum í Landsbankanum, einnig undir í þessum rannsóknum.

## Stór mál enn eftir

Langt er í að rannsóknum embættis sérstaks saksóknara á málum er tengjast hruni fjármálakerfisins ljúki. Sé mið tekið af því hversu langur tími líður frá því að mál eru tekin fyrir í dómstólum og niðurstaða liggur fyrir eiga mörg ár til viðbótar eftir að líða þar til öll kurl verða komin til grafar í málum er tengjast hruninu. Upphaflega var ráð fyrir því gert að embætti sérstaks saksóknara yrði að störfum út árið 2014 en í ljósi þess að það hefur verið sameinað efnahagsbrota-deild Ríkislögreglustjóra hafa forsendur fyrir þeim áformum breyst. Enn fremur blasir við sú staða að fjölmörg mál eru ekki komin nægilega langt í rannsókn til að raunhæft sé að ljúka þeim á næsta ári. Samkvæmt fjárlögum fyrir næsta ár nema heildarfjárveitingar til embættisins 559,1 milljón króna.



# Hvað er hatursáróður?

ÁLIT



Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Hæstaréttarlögmaður

**T**jáningarfrelsið er ein af grundvallarstoðum lýðræðisins. Það er verndað í 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur er á Íslandi. Tjáningarfrelsið er vissulega ekki takmarkalaust enda gera bæði ákvæðin ráð fyrir að takmarka megi tjáningu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Skv. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár eru þau skilyrði sett að tjáningarfrelsinu megi aðeins setja skorður „með lögum, í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær [takmarkanir] nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum“.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gengið afar langt í að vernda tjáningarfrelsi, sumir myndu jafnvel halda því fram að Mannréttindadómstóllinn gangi jafnvel lengra en Hæstiréttur Íslands enda hefur dómstóllinn felld áfellsidóma yfir íslenska ríkinu fyrir tjáningarfrelsisbrot, nú seinast með tveimur dómum sumarið 2012 í máli Erlu Hlynsdóttur og Bjarkar Eiðsdóttur.

Til eru stef sem dómstóllinn endurtekur ítrekað í slíkum málum, m.a. að tjáningu sem móðgar, hneykslar og raskar hugarró þurfi einnig að vernda (e. offend, shock, disturb) enda þurfi óumdeild tjáning síður á vernd að halda en umdeild tjáning.

En Mannréttindadómstóllinn dregur vissulega línuna og ein tegund tjáningar sem dómstóllinn hefur ítrekað heimilað takmarkanir á er svokallaður hatursáróður (e. hate speech). En hvað fellur undir hatursáróður? Mannréttindadómstóllinn hefur t.a.m. fjallað um hugtakið í [dómi sínum í máli Erbakan gegn Tyrklandi](#) (6. júlí 2006, málsgrein 56) á eftirfarandi máta í lauslegri þýðingu höfundar: „hatursáróður sé tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir hatur sem byggist á skorti á umburðarlyndi“.

Þegar dómstóllinn leggur mat sitt á það hvort tiltekin tjáning teljist hatursáróður vegast á tvenns konar sjónarmið. Annars vegar rétturinn til að móðga, hneyksla og raska hugarró og hins vegar hvort um sé að ræða raunverulega og alvarlega hvatningu til öfga eða ofstækis, sér í lagi gegn tilteknum þjóðfélagshópum. Dómstóllinn hefur t.a.m. bannað hatursáróður á grundvelli kynþáttar (t.d. Vona gegn Ungverjalandi, Féret gegn Belgíu), trúar (t.d. Pavel Ivanov gegn Rússlandi, Norwood gegn Bretlandi) og kynhneigðar (t.d. Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð).

Hvað varðar hatursáróður vegna kynhneigðar er áhugavert að skoða [dóm Mannréttindadómstólsins í máli Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð](#) (9. febrúar 2012).

Í Svíþjóð voru tilteknir einstaklingar dæmdir fyrir að dreifa áróðri gegn samkynhneigðum til efri árganga grunnskólabarna í nafni samtaka sem nefndust National Youth. Áróðrinum var dreift í bæklingum og var fjöldi dreifðra bæklinga um 100 eintök. Sænskir dómstólar töldu réttlæt看legt að takmarka slíka tjáningu og var Mannréttindadómstóllinn slíku mati sammála. Áróðurinn innihélt þrjár meginfullyrðingar sem dómstóllinn taldi til hatursáróðurs: Í fyrsta lagi að samkynhneigð væri afbrigðileg kynferðisleg hneigð („deviant sexual proclivity“). Í öðru lagi að samkynhneigð hefði siðferðilega skemmandi áhrif á þjóðfélagið („a morally destructive effect on the substance of society“) og að samkynhneigð bæri ábyrgð á þróun alnæmis. Þeir einstaklingar sem dreifðu þessum hatursáróðri í nafni National Youth héldu því fram að það væri ekki tilgangur tjáningarinnar að tjá fyrir litningu fyrir samkynhneigðum sem þjóðfélagshópi heldur væri tilgangurinn að hefja rök-ræður um skort á hlutlægni í kennslu í sænskum skólum. Jafnvel þó svo að bæklingarnir teldust ekki innihalda beina hvatningu til að fremja hatursfulla verknaði taldi dómstóllinn tjáninguna samt sem áður innihalda alvarlegar og fordómafullar staðhæfingar. Dómstóllinn lagði áherslu á að mismunun á grundvelli kynhneigðar væri jafn alvarleg og mismunun á grundvelli kynþáttar, uppruna eða litarháttar. Sænska ríkinu hefði því verið heimilt að takmarka tjáninguna á þann máta sem gert var.

Hatursáróður getur jafnvel talist refsiverður ef í honum felst opinber árás á mann eða hóp manna með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt, vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar.

Nærtækast er að vísa til [dóms Hæstaréttar nr. 461/2001](#) þar sem maður var dæmdur til refsingar fyrir að hafa brotið gegn nefndu ákvæði í blaðaviðtali sem beindist gegn hópi ónafngreindra manna vegna þjóðernis, litarháttar og kynþáttar. Í niðurstöðu Hæstaréttar er að finna eftirfarandi umfjöllun:

Andspænis tjáningarfrelsi ákærða stendur réttur manna til þess að þurfa ekki að þola árásir vegna þjóðernis þeirra, litarháttar eða kynþáttar, sem varinn er af 233. gr. a almennta hegningarlaga með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Verður þannig að meta, eins og héraðsdómari hefur gert, hvort gangi fram, frelsi hans samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar til að láta ummælin uppi í opinberri umræðu eða réttur þeirra sem fyrir atlögunum hans verða, án þess að hafa nokkuð til þess unnið.

Niðurstaða réttarins var sú að alhæfingar mannsins væru ekki studdar neinum rökum, enda væru vandfundin rök fyrir yfirburðum á grundvelli kynþáttar. Voru ummæli þau sem ákært var fyrir virt í samhengi við viðtalið í heild og komst þá rétturinn að þeirri niðurstöðu að með ummælunum hefði maðurinn leitast við að upphefja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti með háði, rógi og smánun. Var manninum dæmd refsing fyrir ummælin.

Með vísan til ofangreinds dómafordæmis MDE í máli Vejdelds o.fl. gegn Svíþjóð og ofangreinds dóms Hæstaréttar um að vandfundin séu rök fyrir yfirburðum á grundvelli m.a. kynþáttar (eða kynhneigðar) má huga að boðskap Franklins Graham, bandaríks sjónvarpspredikara sem fyrir skemmstu var fenginn til að tala á opinberri trúarhátíð í Reykjavík, Hátíð vonar. Þrátt fyrir áskoranir hafnaði Þjóðkirkjan því að endurskoða aðkomu sína að þeirri samkomu, þó að þessi aðalræðumaður hátíðarinnar, Franklin Graham, væri þekktur fyrir fullyrðingar um að ekki væri rétt að heimila samkynhneigðum að ganga í hjúskap þar sem hjónaband ætti einungis að vera á milli karlmanns og konu. Vaknar því sú spurning hvort boðskapur Franklin Grahams fari yfir mörk leyfilegrar tjáningar og inn á sprengjussvæði hatursáróðurs sem heimilt er að takmarka. Bent er á að unnt er að nálgast ummæli Grahams á bloggsíðu hans, hvar mikið er fjallað um samkynhneigð. Sú spurning vaknar hversu langt megi ganga í að breiða út þann boðskap að samkynhneigð sé ekki Guði þóknanleg og að samkynhneigðir eigi ekki að eiga sama rétt og aðrir til að ganga í hjúskap. Er slíkur boðskapur heimil tjáning eða hatursáróður ef yfir tiltekna línu er farið? Vísbendingu um það hversu langt sé heimilt að ganga í slíkum boðskap er m.a. að finna í nefndum dómi MDE.

Þegar af þeirri ástæðu má brýna fyrir Þjóðkirkju Íslands, sem er ríkiskirkja, að gæta að því hvers konar samkomur kirkjan kys að eiga aðkomu að eða auglýsa, sér í lagi hvað varðar samkomur þar sem aðalræðumaðurinn er þekktur að því að tala fyrir mismunun gagnvart samkynhneigðum.

# Magnaðir morgunverðarfundir

# Advania

HNITA HUBBODNA 13244

## Fylgstu með því nýjasta í upplýsingatækni

Í haust býður Advania fjölbreytta fundardagskrá með spennandi fyrirlesurum í fremstu röð. Þessir fundir eru alla jafna haldnir á **föstudagsmorgnum kl. 8.30** í höfuðstöðvum Advania við **Guðrúnartún 10**.

Nú þegar höfum við stillt upp **5 spennandi fundum** fyrir áramót og opnað fyrir skráningu á þá alla á **advania.is/fundir**.

Við hefjum leikinn næstkomandi fimmtudag **3. október kl. 17.15** þegar við bjóðum til fundar um öryggismál snjalltækja fyrir lengra komna í samstarfi við Hacker Halted ráðstefnuna.

Fylgstu með í vetur, fleiri skemmtilegir viðburðir eru í farvatninu.

## Spennandi fundir á döfinni

### TOK 2014, hvað er framundan?

18.10.2013 @ 08.30–10.00

### Helstu nýjungar í webMethods 9.5

1.11.2013 @ 08.30–10.00

### Lausnir fyrir snjallsíma og spjaldtölvur

29.11.2013 @ 08.30–10.00

### NAV 2013 sérkerfi frá Advania


13.12.2013 @ 08.30–10.00

Kynntu þér spennandi dagskrá og skráðu þig á fundina.



**advania.is/fundir**





# Ísland kemur ekki í veg fyrir mútur

Transparency International tekur í fyrsta sinn út fyrirbyggjandi aðgerðir Ís-  
lendinga gegn erlendum mútugreiðslum.





Smelltu til að lesa skýrslu  
Transparency International

**S**tjórnvöld í flestum helstu útflutningsríkjum heimsins þurfa að gera meira til að hindra að alþjóðleg stórfyrirtæki múti sér leið inn á alþjóðamarkaði. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá samtökunum Transparency International sem birt var á þriðjudag. Skýrslan fjallar um eftirfylgni með samkomulagi gegn mútum sem 40 ríki OECD hafa skrifað undir frá árinu 1997.

Samkvæmt skýrslunni, sem ber nafnið Exporting Corruption: Progress Report 2013, kemur fram að 30 af þessum 40 ríkjum séu varla einu sinni að rannsaka erlend fyrirtæki fyrir mútur, hvað þá að saksækja þau. Einungis átta ríki eru talin hafa staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samkomulaginu. Þau standa samtals fyrir rúmum fjórðungi af öllum útflutningi í heiminum. 20 lönd, þar á meðal G20-löndin Brasilía, Japan, Suður-Kórea og Holland, hafa gert lítið sem ekkert til að kalla fyrirtæki eða einstaklinga til ábyrgðar fyrir að múta erlendum ríkisstjórnnum. Ísland fellur í þennan hóp. 23 lönd hafa ekki ákært neinn fyrir stórfellda spillingu milli landa á síðustu fjórum árum. Ísland fellur líka í þann hóp.

## Ísland illa undirbúið til að takast á við spillingu

Aðgerðir Íslendinga til að koma í veg fyrir spillingu eru nú teknar fyrir í fyrsta sinn af Transparency International. Í skýrslunni kemur skýrt fram að íslenska ríkið er illa undir það búið að takast á við það ef erlend stórfyrirtæki reyna að múta íslenskum embættismönnum til að liðka fyrir viðskiptum sínum hérlandis.

Sú niðurstaða ætti að valda töluverðum áhyggjum vegna þess að erlend stórfyrirtæki hafa komið sér fyrir með starfsemi á Íslandi á undanförunum tveimur áratugum og mun fleiri eru talin horfa hingað vegna þeirra breytinga sem eiga sér stað á norðurskautinu. Möguleg olíuvinnsla á Dreka-svæðinu og aukin umsvif vegna opunar nýrra siglingaleiða vegna bráðnunar hafiss gera það að verkum að áhugi á Íslandi er líklegur til að fara stigvaxandi. Vert er að taka fram að ekki er fjallað sérstaklega um þessi dæmi í skýrslunni.



# „Vitund skortir meðal endurskoðenda og þeirra sem rannsaka skattalagabrot.“

Í henni kemur hins vegar fram að engin dæmi séu um rannsóknir á því hvort erlendar mútugreiðslur hafi átt sér stað á Íslandi. Skýrslan gagnrýnir auk þess að refsiramminn fyrir að múta starfsmönnum fyrirtækja í ríkiseigu (þriggja ára fangelsi) sé lægri en refsiramminn fyrir að múta öðrum embættismönnum (fjögurra ára fangelsi). Það þýðir til dæmis að ef starfsmanni orkufyrirtækis í eigu ríkisins yrði mútað hefði það lægri fangelsisdvöl í för með sér en ef starfsmanni í ráðuneyti yrði mútað. Samkvæmt Transparency International er þriggja ára refsiramma fyrir mútur of léttvæg refsing.

## Engin uppljóstraravernd

Þá benda samtökin á að engin uppljóstraravernd (e. whistleblower protection) sé til staðar fyrir starfsmenn í opinbera geiranum hérlandis sem myndi verja þá fyrir neikvæðum afleiðingum þess að upplýsa um mútur af hálfu erlends einkaaðila. Nýverið hafi þó verið lagt fram frumvarp sem vonast sé til að taki á þessum vanda að einhverju leyti.

Vinnuhópurinn hafði af því áhyggjur að Íslendingar hefðu stigið takmörkuð skref í átt að því að innleiða OECD-samkomulagið á síðustu þremur árum. Sérstök rannsóknarúrræði á borð við inngríp í samskipti, myndbandseftirlit eða leynilegar aðgerðir væru hvorki til taks né almennt notuð á Íslandi. Hins vegar væri hægt að notast við hleranir ef fyrir því lægju ríkir almannahagsmunir.

Í skýrslunni segir líka að vitund skorti meðal endurskoðenda og þeirra sem rannsaki skattalagabrot um hvernig eigi að finna erlendar mútur og hvað eigi að gera ef þeir verði varir við slíkar. Vinnuhópurinn sem vann skýrsluna sagði þó að ýmsum úrræðum sem myndu virka gegn erlendum mútugreiðslum hefði verið bætt inn í íslensk lög snemma á þessu ári.

# Þingmenn í skipulagshug

ÁLIT



Árni Helgason  
lögmaður

**H**öskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur boðað að nú á haustdögum muni hann leggja fram frumvarp þess efnis að skipulagsvald í Vatnsmýrinni færist yfir til ríkisvaldsins frá Reykjavíkurborg með það fyrir augum að tryggja að flugvöllur fyrir innanlandsflug verði áfram á staðnum.

Frumvarpið og endanlegt orðalag þess á eftir að koma fram en í fjölmiðlum hefur efnisinnihaldi þess verið lýst nokkuð ítarlega. Hvort stuðningur fyrir slíku máli er meðal stjórnarflokkanna og annarra þingmanna skal ósagt látið en í öllu falli vekur slíkt mál upp ýmis álitaefni gagnvart stjórnarskránni.

## Nokkur ólík fordæmi

Vísað hefur verið til þess að nokkur dæmi séu um að skipulagsvald hafi verið tekið frá sveitarfélögum, meðal annars á Keflavíkurflugvelli en lögum samkvæmt skipar ráðherra sex manna skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallarins.

Þá fer Þingvallanefnd í reynd með skipulagsvald innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Alþingisreiturinn hefur einnig verið nefndur, en síðastliðið vor var lagt fram frumvarp sem gerði ráð fyrir að ráðherra skipaði fimm manna skipulags- og byggingarnefnd Alþingissvæðisins, þar sem tveir nefndarmenn væru skipaðir af borginni, tveir af Alþingi og einn án tilnefningar. Þannig var hugsunin sú að þingið og borgin yrðu jafnsett þegar kæmi að skipulagsákvörðunum á svæðinu. Frumvarpið varð ekki að lögum.

Öll þessi dæmi eiga það sammerkt að þar var verið að færa stjórn skipulagsmála á viðkomandi svæði frá sveitarfélagi að einhverju eða öllu leyti og yfir til framkvæmdarvaldsins með þeim rökum að svæðin væru sérstaks eðlis, meðal annars með tilliti til náttúru- og menningargildis eða vegna öryggissjónarmiða. Hvorki Keflavíkurflugvöllur né Þingvallarþjóðgarður eru hins vegar í þéttbýli og viðkomandi sveitarfélög hafa engin áform um byggð eða annað slíkt á þessum svæðum.

Þessi dæmi eru því allt annars eðlis en spurningin um að Alþingi taki til sín skipulagsvald Vatnsmýrarinnar. Miðað við það sem fram hefur komið í fjölmiðlum um hina boðuðu löggjöf missir Reykjavíkurborg alfarið skipulagsvald á stóru svæði í miðborginni þar sem fyrirhugað er að reisa 15-20 þúsund manna byggð í framtíðinni.

## Borgin á meirihluta landsins

Hafa ber í huga að um 60% af svæðinu í Vatnsmýrinni eru í eigu Reykjavíkurborgar en um 40% í eigu ríkisins. Þegar flugvöllurinn var lagður þar í síðari heimsstyrjöldinni og síðan gefinn íslenska ríkinu árið 1946 virtist lítið hugsað út í eignarhald, leigu og afnotarétt af landinu. Flugvöllurinn var einfaldlega reistur og hefur verið þar síðan, án þess að borgin fái greidda leigu fyrir landið.

Jón Gnarr borgarstjóri benti á þetta í viðtali í Kjarnanum í síðustu viku. Í framhaldi vaknar sú spurning hvers vegna borgin sækir þetta mál ekki fastar og geri til dæmis kröfu um að greidd verði leiga fyrir afnot á því landi sem fer undir flugvöllinn. Hægt væri að færa rök fyrir umtalsverðri gjaldtöku fyrir slík afnot.

## Skipulag gerir ráð fyrir byggð

Gildandi aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir að flugvöllurinn fari í áföngum á árunum 2016-2024 og að þar risi byggð en hin boðaða löggjöf um að færa skipulagsvald Vatnsmýrarinnar til Alþingis myndi hafa það yfirlýsta markmið að breyta því. Þótt málið sé vissulega umdeilt er þetta stefna borgarinnar, sem hefur verið samþykkt í stofnunum hennar.

Stjórnarskráin kveður á um það í 78. gr. að sveitarstjórnir ráði sínum málum eftir því sem lög ákveði. Þetta síðastnefnda orðalag, „eftir því sem lög ákveða“, vísar til þeirra laga sem sett eru um starfsemi sveitarfélaga, einkum sveitarstjórnarlög og eftir atvikum önnur lög, til dæmis skipulagslög.

## Verulegt inngríp

Lagasetning sem þessi væri verulegt inngríp í þetta ákvörðunarvald sveitarfélaga og mun grófara en þau dæmi sem nefnd voru hér í upphafi. Þótt slíkt inngríp sé lagatæknilega framkvæmanlegt vaknar sú spurning hvort slík löggjöf stæðist stjórnarskrá.

Sveitarfélögum er með lögum falið skipulagsvald og er það eitt af mikilvægustu hlutverkum þeirra. Þetta er síðan ákvarðað nánnar í skipulagslögum, þar sem segir að sveitarfélög fari með skipulagsvald, þ.e. setji aðal- og deiliskipulag og einnig rammaskipulag. Lögin skapa þannig ákveðinn fyrirsjáanleika fyrir sveitarfélög til að móta skipulag til framtíðar og innan þessa ramma hefur borgin mótað sitt skipulag. Ef hin boðaða löggjöf tæki gildi og leiddi til breytinga á þessu skipulagi myndi borgin þurfa að sæta því að skipulaginu væri í reynd breytt eftir á með afturvirkum hætti.

Mikilvægt er að hafa í huga að löggjöf um skipulag er ekki eingöngu ákvörðunarvald heldur eru þar einnig ákvæði um málsmeðferð, sem er afar mikilvæg, til dæmis um rétt íbúa til kynningar, athugasemda og annarrar aðkomu að ferlinu. Ríkisvaldinu er síðan tryggt aðkoma að skipulagi samkvæmt lögum þar sem lögin áskilja að ríkið geti sett landsskipulagsstefnu. Þannig er skýr rammi til staðar hvað varðar skipulag og mörkin milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins, sem hin boðaða löggjöf myndi skekkja.

## Hvar liggja mörkin?

Ef ríkið tekur sér skipulagsvald á jafnstórum hluta borgarlandsins og Vatnsmýrin er, á kostnað Reykjavíkurborgar, vaknar sú spurning hvar mörkin liggja. Væri þá eitthvað því til fyrirstöðu að ríkið tæki sér enn frekara skipulagsvald, til dæmis yfir tilteknum hverfum borgarinnar eða jafnvel yfir allri borginni? Ákvæði stjórnarskrárinnar um að sveitarfélög skuli ráða sínum málum sjálf væri orðið næsta marklaust ef fallist væri á þann skilning.

Orðalag ákvæðisins má reyndar túlka þannig að sjálfstæði sveitarfélaga sé einfaldlega háð lagasetningu hverju sinni en einnig er hægt að líta svo á að í ákvæðinu felist stjórnarskrárvarinn sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga sem tekur hins vegar mið af lögum hverju sinni, þó þannig að löggjafinn hafi ekki frjálsar hendur gagnvart sveitarfélögum, sérstaklega hvað varðar afturvirkar breytingar á lögum.

## Miklir fjárhagslegir hagsmunir

Í skýrslu samgönguráðuneytisins frá árinu 2007 er markaðsvirði lóða í Vatnsmýrinni metið á 74,5 milljarða króna. Miðað var við lóðaverð árið 2006, sem er svipað og lóðaverð í dag, og um 15 þúsund manna blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Þótt þessar tölur geti hæglega breyst í báðar áttir má sjá að borgin sem eigandi um 60% lands á svæðinu yrði með lagasetningu skert þeim möguleika til framtíðar að geta fengið þau verðmæti fyrir landið. Af þeim sökum má velja fyrir sér hvort lagasetningin stæðist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar, enda myndi slík löggjöf skerða verulega möguleika Reykjavíkurborgar á hagnýtingu eignarinnar, sem þegar hefur verið ákveðin í aðalskipulagi.

## Meðalhóf og eignarréttur

Í dómsmálum þar sem reynir á hvort íþyngjandi lagaákvæði standist mannréttindaákvæði stjórnarskrár kemur meðal annars til skoðunar hvort lagasetningin hafi verið nauðsynleg til að ná settu markmiði. Þessa nálgun má einnig orða þannig að löggjafinn verði að sýna fram á að meðalhófs hafi verið gætt.

Þannig væri horft til þess hvert markmið lagasetningarinnar væri og hvort ná hefði mátt hinu tilsetta markmiði á annan hátt. Í tilfelli Reykjavíkurflugvallar væri markmiðið væntanlega að tryggja að íbúar landsbyggðarinnar hefðu greiðan aðgang að mikilvægri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði er hins vegar hægt að ná á ýmsan annan hátt en að lögfesta núverandi staðsetningu flugvallarins í Vatnsmýrinni, til að mynda með því að finna veltinum annan stað á höfuðborgarsvæðinu. Það gæti því orðið vandasamt fyrir ríkið að sýna fram á að aðrar leiðir hafi alls ekki verið færar.

## Skilaboð til annarra sveitarfélaga

Hvort sem hin boðaða löggjöf stenst stjórnarskrá eða ekki er ljóst að Alþingi væri að taka sér verulegt vald á kostnað Reykjavíkurborgar og í þokkabót í óþökk borgarstjórnar. Ef svo fer hljóta önnur sveitarfélög að velja fyrir sér stöðu sinni, þ.e. hvort umfangsmikil skipulagsvinna til margra ára geti allt í einu verið gerð að engu með lögum frá Alþingi ef meirihlutinn á þingi hefur þá skoðun á tilteknu skipulagsmáli innan sveitarfélagsins.



Smelltu til að lesa viðtal við Höskuld Þórhallsson



Reykjavíkurflugvöllur – úttekt á framtíðarstaðsetningu (skýrsla frá 2007)



# Bráðnauðsynlegt? Já, ætli það ekki

## TÆKNI

Magnús Halldórsson  
magnush@kjarninn.is

**P**róunin í tækni- og hugbúnaðargeiranum er hröð og ekki alltaf auðvelt að halda í við hana. Reglulega kemur eitthvað nýtsamlegt fram en annað nær ekki fótfestu og hverfur fljótt af markaði.

Margar nýjungar hafa komið fram að undanfögnu sem talið er að eigi bjarta framtíð ef rétt verður haldið á spilunum af hálfu þeirra sem framleiða og markaðssetja vörurnar.

Tæknivefurinn flavorwire.com tók saman nokkrar vörur á dögnum sem að mati sérfræðinga vefsins eru líklegar til að hafa mikil áhrif á tæknigeirann á næstu árum.

### Vatnsþétti síminn frá Sony

Sony Xperia Z síminn, sem kom út í lok síðasta árs, þyk-



ir búa yfir áreiðanlegri og góðri vatnsverndartækni fyrir síma. Hann er vatnsþéttur án þess að það sé íþyngjandi fyrir notandann. Hann er með Android-stýrikerfi og hefur verið ágætlega tekið á markaði.

### Fimmfalt hleðslutæki

Hleðslutækið Griffin Powerdock 5 er sérhannað fyrir Apple-vörur og er einfalt í sniðum. Einmitt þess vegna er talið að það geti haft töluverð áhrif á hleðslutæki framtíðarinnar, þar sem neytendur muni geta gert ríkar kröfur um að geta hlaðið mörg tæki í einu. Með Griffin-tækinu er hægt að hlaða fimm Apple-tæki í einu.

### Svefnsíminn

Sumir vilja sofna út frá tónlist en aðrir ekki. Þetta getur jafnvel verið uppspretta deilna á milli þeirra sem deila rúmi. Lausnin á þessu er fundin, eða því sem næst. Vara sem



nefnist SleepPhones er eins og eyrnaband með innbyggðum litlum heyrnartólum. Með því er hægt að hlusta á tónlistina alveg í friði og einbeita sér að svefninum í leiðinni. Það er í það minnsta hugmyndin að baki vörunni.

### Neyðarsíminn

SpareOne-neyðarsíminn er sérstaklega hannaður með það í huga að nota hann aðeins í neyð. Hægt er að nýta hefðbundnar AA-raflöður í hann, hann er alveg vatnsþéttur og þolir mikið viðnám og högg. Þá er á honum sérstakur neyðarhnappur sem er merktur með hvítum krossi á rauðum grunni. Ef ýtt er á hann fæst beint samband við þá neyðaraðstoð sem næst er. Þá er síminn þannig hannaður að hann á að halda sambandi betur en aðrir símar ef búið er að ná sambandi við neyðaraðstoð.



ns í iPad

aðeins í iPad

aðei

**Kjarninn býður nú upp á  
meira af gagnvirku  
efni í iPad-útgáfu  
sinni en áður.**

**Með því að lesa  
Kjarnann ekki í iPad þá  
ertu að missa af þeirri  
dásamlegu upplifun.**



**kjarninn**



Available on the  
**App Store**

## TOPP 10

## Íþróttamenn

Kristni Hauki Guðnasyni er ekkert óviðkomandi þegar kemur að því að setja saman topp tíu lista. Þeir fjalla um allt milli himins og jarðar en eiga eitt sameiginlegt; þeir byggja alfarið á hans eigin skoðunum. Kristinn er sagnfræðingur að mennt, með MA-gráðu frá Háskóla Íslands.

- 10** Í tíunda sæti er brasilíski þjóðardýrtingurinn *Ayrton Senna*, þrefaldur heimsmeistari í Formúlu 1 sem lést langt fyrir aldur fram í San Marínó-kappakstrinum árið 1994. Hann náði að koma sér á rásþól alls 65 sinnum á aðeins tíu árum. Hans verður sérstaklega minnst fyrir einvígin sem hann háði gegn Alain Prost, bæði þegar þeir voru samherjar hjá McLaren-liðinu og mótherjar. Senna er enn reglulega minnst sem besta ökuþórs allra tíma.
- 9** Níundi besti íþróttamaður allra tíma er Norðmaðurinn *Björn Dæhlie*, sem er ekki bara besti skíðagöngumaður allra tíma heldur besti vetraríþróttamaðurinn yfirleitt. Hann dómínérði þrenna vetrarólympíuleika ('92, '94 og '98) og vann samtals átta gull og fjögur silfur, sem gerir hann að sigursælasta keppanda vetrarleikanna frá upphafi. Hann hafði einnig yfirburði á mörgum heimsmeistaramótum.
- Hápunktur frægðar Dæhlie er tvímælalaust ÓL '94 í Lillehammer. Þar háði hann epísk einvígi við Kasakann Vladímír Smirnov.
- 8** Í áttunda sæti er ameríski fjölbragðaglímukappinn *Terry Bollea*, betur þekktur sem Hulk Hogan. Hogan hóf ferilinn á áttunda áratugnum undir leiðsögn Hiro Matsuda. Frægð hans náði síðan hámarki á níunda og tíunda áratugnum. Hann er nýsestur í helgan stein í annað skiptið enda orðinn sextugur. Hogan er ekki bara glímumaður, hann er alþjóðlegt vörumerki. Gulklæddi risinn hefur líka átt farsælan feril í kvikmyndum.
- Topparnir hafa verið margir en sá hæsti hlýtur að vera *Wrestlemania III* árið 1987. Þar tók hann franska risann André og skellti honum í úrslitarimmundi.
- 7** Í sjöunda sæti er maður sem svo sannarlega hafði hjarta ljónsins, finnski langhlauparinn *Lasse Viren* sem var einn af hinum svokölluðu „Fljúgandi Finnum“. Hann þótti ekki líklegur í upphafi ferils síns en með ströngu æfingaprógrammi í Keníu náði hann að verða sá besti í heimi. Hann vann samtals fjögur Ólympíugull. Hann vann tvennuna í München '72, þ.e. 5.000 og 10.000 metrana, og endurtók leikinn svo í Montreal '76. Einnig keppti hann í maraþonhlaupi og varð ofarlega. Stærsta afrek Virens er klárlega 10.000 metrarnir í München þar sem hann datt í 12. hring en náði samt að vinna ... og sló heimsmet!
- 6** Í sjötta sæti er *Roger Federer*, hinn hógværi tenniskappi frá Sviss. Federer sló í gegn sem unglíngur á Wimbledon-mótinu 1998 og það er mótið sem hefur gert hann að þeirri stjórnun sem hann er í dag. Sautján slemmur hefur hann unnið, sjö af þeim á Wimbledon, þar af fimm í röð. Þrátt fyrir að margar stórstjörnur séu til í tennis karla í dag hefur hann algerlega skarað fram úr og hefur einnig farið fram úr mönnum eins og Björn Borg og Pete Sampras sem sá allra besti í sögunni.
- Hápunktur ferilsins er tvímælalaust þau einvígi sem hann háði við Rafael Nadal á Wimbledon og fræknasti sigurinn árið 2007 þegar hann vann sitt fimmta mót í röð.
- 5** Í fimmta sæti á listanum er maður sem á sína eigin kirkju, *Diego Armando Maradona*. Óumdeilanlega besti knattspyrnumaður allra tíma. En umdeildur engu að síður, sérstaklega fyrir líf sitt utan vallar. Maradona spilaði framarlega á miðjunni, með félagliðum eins og Boca Juniors, Barcelona og Napoli, og vann fjöldann allan af titlum, bæði með liðum sínum og einstaklingsverðlaun. Frægastur er hann nú samt fyrir leik sinn fyrir landslið sitt, Argentínu. Hann spilaði á fjórum heimsmeistaramótum og vann eitt sem frægt er orðið, í Mexíkó árið 1986. Mark hans gegn Englendingum er það frægasta í knattspyrnu-sögunni.
- 4** Fjórði besti íþróttamaður allra tíma er maður sem vart þarf að kynna, körfuknattleiksmaðurinn *Michael Jordan*. Hann leiddi Chicago Bulls til sex NBA-titla, lið sem hafði aldrei áður unnið titil og hefur ekki unnið titil síðan. Merkilegt er að yfirburðir Jordans inni á vellinum komu á tíma þegar óvenju mikið af öðrum góðum leikmönnum var í deildinni. En auðvitað hafði hann frábæra samherja með sér líka. Jordan er aðallega þekktur fyrir sóknarhæfileika sína en það gleymist að hann var einn af bestu varnarleikmönnum deildarinnar líka. Hápunktar ferilsins eru margir. Fimm sinnum leikmaður ársins, sex sinnum leikmaður úrslitanna, fjórtán sinnum stjörnuleikmaður, tíu sinnum stigahæstur, varnarmaður ársins, nýliði ársins og margt margt fleira.
- 3** Bronsið hlýtur maður sem einfaldlega ögrar takmörkum mannglegrar getu, jamaíski sprett-hlauparinn *Usain Bolt*. Að geta haft svo mikla yfirburði í íþrótt sem tekur 10-20 sekúndur er bara mjög skrítið. Hæðin vinnur mikið með honum (1,95 m), þ.e. skrefin eru óhemju stór. Hann er aðeins 27 ára gamall en afreka-skrá hans er löng. 6 ólympíugull, 4 af þeim heimsmet, 5 ólympíumet. En bestu tímána á hann frá heimsmeistaramótinu í Berlín 2009. Þar hljóp hann 100 m á 9,58 og 200 m á 19,19 ... óskiljanlegar tölur. Ein stærsta stund Bolts var 100 m á ÓL í Peking 2008. Að sjá manninn hægja á sér og líta í kringum sig og byrja að fagna áður en hann kemur í mark ... í 100 metra hlaupi!! ... á heimsmeti!!!
- 2** Næstbesti íþróttamaður allra tíma er rússneski stórmeistarinn *Garry Kasparov* sem var óumdeilanlega besti skákmaður heims í tuttugu ár. Kasparov vann allt sem hægt var að vinna, yfirleitt frekar létt. Nokkur af hans frægustu einvígum voru við tölvur, til dæmis Deep Blue '96 og '97. En frægustu einvígin verða alltaf þau sem hann háði við Anatoly Karpov 1984 (sem endaði í jafntefli eftir að Karpov fór á spítala) og 1985 þegar Kasparov varð heimsmeistari 22 ára gamall. Árið 1993 sinnaðist honum við FIDE og klauf skákheiminn. Hið nýja skáksamband Kasparovs var reyndar sterkara en FIDE og þegar samböndin voru aftur sameinuð rúnum áratug seinna varð meistari FIDE undir. Kasparov tapaði heimsmeistaratitlinum árið 2000 til lærisveins síns Vladímírs Kramnik og settist loks í helgan stein árið 2005. Undanfarið hefur hann beitt sér í pólitíkinni gegn stjórn Vladímírs Pútín.
- 1** Það er komið að gullinu. Besti íþróttamaður allra tíma er úkraínski stangarstökkvarinn *Sergei Bubka*. Aldrei hefur nokkur maður haft jafn mikla yfirburði í sinni grein og Bubka. Það þarf varla að nefna það að hann á heimsmetin bæði utanhúss (6,14 m) og innanhúss (6,15 m). Bæði metin eru tæplega tvítug. Hann setti heimsmet 35 sinnum (17 utanhúss og 18 innanhúss) á ferlinum og bætti metin samanlagt um rúmlega 30 cm hvort. Hann var fyrstur til að fara yfir 6 metrana og fyrstur til að fara yfir 6,10 m. Bubka notaði annan stökkstíl en aðrir stangarstökkvarar, svo handsterkur að hann hélt ofar á stönginni og hljóp hratt.
- Eini skugginn á ferli Bubka var Ólympíuleikarnir. Sovéttmenn sniðgengu ÓL '84 í Los Angeles, honum gekk illa '92 í Barcelona, hann meiddist '96 í Atlanta og hann var einfaldlega orðinn of gamall '00 í Sydney. En stærsta stund hans sem íþróttamaður var sennilega þegar hann vann gullið '88 í Seúl.

Vert að minnst á: Muhammad Ali, Kenenisa Bekele, Björn Borg, Wilt Chamberlain, Wayne Gretzky, Paavo Nurmi, Michael Phelps, Michael Schumacher, Alberto Tomba, Tiger Woods, Zinedine Zidane.

Í hvert skipti sem þú kaupir flösku af Toppur, gefur þú 3 LÍTRAR af hreinu vatni til Afríku.

 Rauði krossinn

**SLÖKKTU MEIRA  
EN ÞINN  
EIGIN ÞORSTA**

1 TOPPUR  
3 LÍTRAR AF  
VATNI TIL AFRÍKU



**toppur**  
afrikan

LETT KOLDFRÖUR



Nánari upplýsingar á:  
[facebook.com/toppur](https://www.facebook.com/toppur)

# Sextán frá Nýja-Sjálandi

## TÓNLIST

Birgir Þór Harðarson  
birgir@kjarninn.is

**T**vö svæði í heiminum virðast hafa yfirburði um þessar mundir: Eyjaálfa, nánar tiltekið Nýja-Sjáland og Ástralía, og Belgía. Hér er talað um ungt fólk sem hefur náð ótrúlegum árangri á sínu sviði þrátt fyrir aldur.

Belgískir fótboltamenn fæddir á níunda og tíunda áratug síðustu aldar virðast til dæmis hafa fengið betri bólu-setningar í æsku en aðrir. Það sést bersýnilega á landsliði þeirra sem skipað nú er ungum, gríðarlega hæfileikaríkum einstaklingum. Fyrir okkur á Íslandi er einfaldast að líta til Englands. Þar spila til dæmis Fellaini, Kompany, Démbéle, Hazard og Lukaku og gera það gríðarlega vel enda allir frá Belgíu.

Á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu er unga fólkíð hins vegar aðeins meira að þæla í tónlist. Í það minnsta myndu landsliði þeirra ekki eiga mikið í Belgana í fótbolta. Þó nokkrir ungir tónlistarmenn frá þessum tveimur löndum, þarna hinum megin á hnettinum, hafa undanfarið náð gríðarlegum árangri í tónlistarheiminum, fengið alheimsspilun og setið á toppi vinsældalista fjarri heimahögum.

Nær allir á Íslandi vita til dæmis um hvað talað er þegar ástralska tónlistarmanninn Gotye ber á góma. Hann átti eitt vinsælasta lag í Evrópu árið 2012; *Somebody that I Used to Know* söng hann með Kimbru, nýsjálenskri söngkonu sem hefur jafnframt náð ágætis árangri sjálf. Það er kannski bara tilviljun að Gotye þessi er ekki einungis Ástrali heldur á hann ættir að rekja til Belgíu?

Það er hins vegar nýjasta undrið frá Eyjaálfu sem vakið hefur athygli á Íslandi og er tilefni þessarar samantektar.

Ella Yelich-O'Connor, sem gengur undir listamanns-nafninu Lorde, er aðeins 16 ára gömul. Hún hefur þegar komið þremur lögum inn á Billboard Hot 100-vinsældalistann í Bandaríkjunum, þar af einu í efsta sætið. Lagið *Royals* gerði hana að yngsta listamanninum til að ná efsta sæti listans síðan [14. nóvember 1987](#). Hún er jafnframt fyrsti listamaðurinn frá Nýja Sjálandi til að ná efsta sætinu í Bandaríkjunum. En Ameríka er ekki allt. *Royals* með Lorde situr í fjórða sæti vinsældalista Rásar 2 eftir aðeins tvær vikur á listanum. Auk þess hefur lagið flogið hátt á listum um alla Evrópu.

Yelich-O'Connor syngur ekki um hvað hún er skotin í strákum eins og aðrir ógnarvinsælir listamenn á hennar aldri. Í [viðtali við Vevo](#) segist hún alltaf hafa lesið mikið og að í textum sínum reyni hún að segja örsögur. Og hún stuðar og gagnrýnir. *Royals* fjallar til dæmis um hvað henni finnst fáránlegt að vinsælustu tónlistarmenn syngja bara um hvað þeir eigi mikið af peningum og hvernig peningar séu ekki eini mælikvarðinn á það hvort maður sjálfur sé einhvers virði.

Fyrsta breiðskífa hennar, „Pure Heroine“, kom út í lok september og hefur fengið góðar viðtökur.



Smelltu til að hlusta á  
*Royals*, vinsælasta lag  
Lorde



Smelltu til að hlusta á  
*Tennis Court* af breiðskífunni  
*Pure Heroine*



A silver Ford Mustang convertible is shown from a front-three-quarter view. An older man with white hair, wearing a dark suit, white shirt, and tie, stands behind the car, resting his hands on the hood. The background is dark, and the car is on a light-colored circular platform. In the top left corner, there is a blue circle containing a white 'X'.

# Iacocca og Mustanginn

**BÍLAR**  
Gísli Sverrisson

**D**aginn sem ég byrjaði var mér falið að hanna kúplingsgorm. Það tók mig heilan dag að útbúa ítarlega teikningu af gorminum og ég spurði sjálfan mig: Hvað er ég eiginlega að gera? Er það svona sem ég vil eyða ævinni?"

Þar með var það ákveðið. Lee Iacocca, nýútskrifaður iðnverkfræðingur, sagði upp eftirsóttu starfsnámi sínu hjá bílaframleiðandanum Ford og hóf að leita að vinnu hjá sama fyrirtæki, að þessu sinni sem bílasali. Varla grunaði hann þá að hann ætti eftir að enda sem forstjóri næststærsta

fyrirtækis veraldar og bera ábyrgð á ýmsum af þekktustu bílum sögunnar.

Iacocca tókst að finna vinnu hjá söludeild Ford og hóf að klífa metorðastigann með leiðtogahæfileika sína og metnað í farteskinu. Nokkrum árum síðar, 36 ára gamall, var hann orðinn að forstjóra Ford-deildarinnar, þeirrar stærstu af þremur deildum samsteypunnar.

„Árin sem forstjóri Ford-deildarinnar voru þau hamingju-sömustu í lífi mínu. Ég og samstarfsmenn mínir höfðum brennandi metnað. Við vorum í vímu af eigin ástríðu – samblöndu af erfiðisvinnu og stórum draumum.“

## Áttaði sig á umbyltingu



Sem forstjóri tók Iacocca til óspilltra málanna við að móta framtíð Ford-merkisins. Hann lét stöðva þróun Cardinal, smábíls með fjögurra strokka vél sem átti að vera svar Ford við hagkvæmum bílum Volkswagen sem nutu vaxandi vinsælda, þrátt fyrir að 35 milljónum dala hefði verið eytt í verkefnið.

Þetta var árið 1960 og Iacocca og félagar áttuðu sig á því að bílaiðnaðinum yrði umbylt á komandi árum, þó að þeir vissu ekki hvernig. Þeir sáu að General Motors, stærsti keppinautur þeirra, hafði uppfært hinn sparneytna Corvair með sportlegum aukahlutum og þannig skapað Corvair Monza sem seldist vel. Ford átti ekkert að bjóða þeim sem líkaði Monza, en þeim var ljóst að markhópurinn var ört stækkaandi.

## Barnasprengingin skipti miklu

Markaðsrannsóknir staðfestu að ungleg ímynd þessa upprennandi áratugar átti sér lýðfræðilega stoð. Meðalaldur bandarísku þjóðarinnar lækkaði mikið vegna sprengingar í fjölda barneigna eftir lok seinni heimsstyrjaldar, þessi börn voru nú að komast á unglingsaldur og höfðu meiri kaupmátt en foreldrar þeirra þegar þau komust á bílprófsaldur. Fjöldi Bandaríkjamanna milli 20 og 24 ára tvöfaldaðist á næstu tíu árum.





## TÚRBÍNUR TIL FRAMTÍÐAR

Á dögum greindi bílaframleiðandinn Volkswagen frá því að á næstu 3-4 árum myndu hefðbundnar bensínvélar víkja algerlega fyrir hagkvæmari túrbóvélum. Volkswagen er ekki eini bílaframleiðandinn sem gefur í skyn slíkar áætlanir, en þrátt að nýjum orkugjöfum vaxi ásmegin má ætla að bensín- og dísilvélar muni þróast áfram þar til jarðefnaeldsneyti er að lokum uppuríð í vinnanlegu magni.

En hvað er þá eiginlega túrbína? Hver er ávinningur þess að túrbóvæða bílvélar?

Til að framkalla sprengingu í brunahólfi bílvélar þarf í meginatriðum tvö efni; eldsneyti og súrefni (loft), sem þarf að blanda í réttum hlutföllum til að bruninn verði sem bestur og minnst orka fari til spillis. Magn blöndunnar fer eftir rúmtaki brunahólsins; því stærra sem það er, þeim mun kraftmeiri verður sprengingin og snúningur vélarinnar öflugri.

Túrbína (gjarnan kölluð forþjappa á íslensku) hefur það hlutverk að „auka“ rúmtak vélarinnar með

því að þjappa saman loftinu sem fer inn á vélina. Við það má auka magn eldsneytis án þess að blandan verði of sterk og bruninn þar með ófullkominn. Hér má því sjá að vél af ákveðinni stærð getur orðið kraftmeiri ef við hana er bætt túrbínu.

En hvar liggur þá hagkvæminn?

Til að drífa túrbínuna er notast við útblástur vélarinnar, þ.e. afgang úr brunahólfinu er leitt í gegnum hana og snýr henni þannig að þrýstingur myndast í öðru hólfi þar sem hreint loft kemur inn. Þannig er hreyfiorka útblástursins beisluð, sem annars myndi að mestu leyti hverfa út í andrúmsloftið án þess að gera nokkurt gagn (til eru aðrar útgáfur túrbína sem ekki notast við afgang en þær eru óalgengar).

Túrbókerfi bifreiða eru nú á dögum mjög flókin og hagkvæmni þeirra hefur aukist verulega síðustu áratugi. Sú staðreynd, ásamt ákalli um meiri eldsneytis-sparnað, hefur valdið þeirri þróun að túrbínur verða æ algengari um borð í bifreiðum nútímans.

Aðrar áhugaverðar breytingar áttu sér stað hjá eldri kaupendum. Með auknum kaupmætti dvínaði áhugi þeirra á hagkvæmni og jókst á sportlegum eiginleikum og þægindum.

Niðurstöður þessara athugana voru skýrar. Hér var markaður í leit að bifreið. Hefðbundnar aðferðir í bílaiðnaði þessa tíma voru að smíða fyrst bíl og finna síðan kaupendurna. Í ljósi upplýsinga sinna voru Ford-menn í nýrri stöðu og gátu sniðið nýja bifreið að hungruðum markaðinum.



Myndskeið um  
TSI-vélina frá  
Volkswagen



Ford Mustang, árgerð 1969

## Erfitt verkefni en launin ríkuleg

Lykileiginleikar hins nýja bíls yrðu að vera þessir: Frábær útlitshönnun, góðir aksturseiginleikar og lágt verð. Það var svo sem ekkert auðvelt verkefni sem beið Iacocca og félagan en ef þeim tækist ætlunarverkið yrðu verðlaun þeirra ríkuleg.

Að hanna nýjan bíl frá grunni myndi kosta fyrirtækið 3-400 milljónir dala, áhætta sem yrði of stór biti að kyngja, jafnvel fyrir risa eins og Ford-samsteypuna. Í stað þess að byrja frá grunni var bíllinn byggður á Ford Falcon og tókst að fullþróa fyrstu árgerð hans fyrir aðeins 75 milljónir dala.

Nýi bíllinn gekk undir nokkrum nöfnum áður en hann loksins hlaut nafnið Mustang. Þrátt fyrir að villihestur prýði merki bílsins var bíllinn upprunalega nefndur eftir P-51 Mustang-orrustuflugvélinni, sem þjónaði her Bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni.

Hinn 9. mars 1964 rann fyrsti Mustanginn af færibandinu.



Mánuði síðar, eftir að hafa verið kynntur blaðamönnum, var bíllinn formlega boðinn til sölu hjá umboðsmönnum Ford um gervöll Bandaríkin. Áhuginn fyrir bílnum var gífurlegur og sýningarsalir troðfullir af áhugasömum kaupendum. Bíla-sali í Chicago þurfti að hleypa fólki inn í hollum, í umböði einu í Texas bitust 15 manns um eitt sýningareintakið og yfirbuðu hver annan, en sá sem hreppti hnossið krafðist þess að gista í bílnum í sýningarsalnum yfir nóttu þar til ávísun hans var samþykkt. Í Seattle varð bílstjóri steypubíls svo svo frá sér numinn af hrifningu að hann ók inn um gluggann á sýningarsalnum.

### **Mustanginn sló í gegn**

Ford Mustang hafði slegið í gegn. Á aðeins einni viku gerðu fjórar milljónir Bandaríkjamanna sér ferð í sýningarsal til að berja dýrðina augum.

Á nokkrum vikum varð ljóst að verksmiðjan myndi ekki anna eftirspurn og opna þurfti aðra verksmiðju með hraði. Upphaflegar áætlanir um að selja 75.000 bíla fyrsta árið voru uppfærðar í 200.000. Það reyndist hófleg bjartsýni, því ári eftir að Mustang var fyrst boðinn til sölu og þriðja

verksmiðjan hafði verið sett á laggirnar seldist bíll númer 418.812. Grunnverðið var 2.368 dalir, en það segir ekki alla söguna því að kaupendur eyddu að meðaltali 1.000 dólum í aukahluti. Hreinn hagnaður af sölu Mustang fyrstu tvö árin var 1,1 milljarður dala, tæplega 1.000 milljarðar króna að núvirði.

„Ég er gjarnan titlaður faðir Mustangsins,“ segir Iacocca í æviminningum sínum, „þó að margir vilji auðvitað eigna sér heiðurinn eins og venja er þegar vel tekst til. Raunar hafa svo margir menn viljað feðra Mustanginn að ég myndi ekki vilja sjást opinberlega með móðurinni!“

Mustang hefur allar götur síðan verið ein af tákmyndum amerískrar bílamenningar. Kynslóð eftir kynslóð hefur bíllinn selst vel, þó að ekkert slái við fyrstu árum hans hvað sölutölur varðar.

Árangur Mustangsins fleytti Lee Iacocca að lokum upp í forstjórastól Ford-samsteypunnar, þar sem hann réði ríkjum uns hann var rekinn af vænisjúku barnabarni Henry Ford, sem þá fór með stjórnarformennsku fyrirtækisins. Henry Ford II sakaði Iacocca um mafiutengsl og lét hann fara þrátt fyrir metárangur í sögu fyrirtækisins, en það er önnur saga og verður ekki tíunduð hér.



# SÚRMJÓLK

## NÝJAR UMBÚÐIR

### SAMA GÓÐA INNIHALDIÐ



Gamla góða súrmjólkinn skipar sigildan sess í matarmenningu Íslendinga. Hún fæst einnig bragðbætt með **karamellu** og **jarðarberjum** – og nú líka **létt** og **laktósafrí**.

# Gagnvirkur endalaus strengjakvartett

Karolina Fund-verkefni mánaðarins er tónverk eftir Úlf Eldjárn.

X





**Ú**lfur Eldjárn er 37 ára tónskáld frá Reykjavík og þriggja barna faðir, sem hefur stundað tónsmíðar eins lengi og hann man eftir. Hann er um þessar mundir að gefa út aðra hljómplötu sína, „Ash“, sem er kvikmyndatónlist úr samnefndri bíómynd. Hann er einnig að hópfiármagna nýjasta verk sitt, Strengjakvartettinn endalausa, í gegnum Karolina Fund.

*Þú ert tónlistarmaður. Í samfélagi þar sem næstum því allir eru tónlistarmenn, listamenn, ljósmyndarar, hvernig er það?*

„Ég veit ekki hvort það er satt að næstum því allir séu tónlistarmenn eða listamenn. Í sumum samfélögum spilar tónlistin miklu stærra hlutverk en á Íslandi. En ég held að það sé að mörgu leyti ótrúlega gott að vera tónlistarmaður á Íslandi. Hér hafa alltaf verið ótrúlega litlir veggir á milli ólíkra tónlistartegunda og þess vegna eru allar aðstæður til að mynda svona suðupott, sem sýður upp úr annað slagíð. En það sem gerir Ísland líka sérstakt er hversu lítinn tónlistararf við eigum. Þegar við byrjum að eignast okkar fyrstu alvöru tónskáld á 20. öldinni á ennþá eftir að gera svo margt sem hefur verið gert milljón sinnum áður í löndum með tónlistarhefð. Og það er ennþá þannig að þú getur verið fyrstur til að gera eitthvað í íslensku tónlistarlífi. Það er mjög góð orka sem fylgir því, held ég.“

*Hefur íslensk náttúra haft áhrif á tónlistina þína?*

„Mér hefur aldrei fundist það beint, en margir, sérstaklega fólk frá öðrum löndum, segjast sjá fyrir sér íslenskt landslag þegar þeir hlusta á tónlistina mína. Það segir manni hvað tónlist er stórkostleg, því þú getur séð fyrir þér það sem þú vilt. Sumir sjá liti og hreyfingu á meðan aðrir sjá landslag og náttúru.“

Hins vegar var ég núna rétt að gefa út tónlist sem ég samdi fyrir heimildarmyndina Ösku, sem fjallar um eftirmál eldgosanna á Íslandi 2010-2011 og áhrif þeirra á íbúa í nágrenni þeirra. Þar hefur náttúran auðvitað mjög mikil og bókstafleg áhrif á það sem ég er að semja.“

*Hvernig myndir þú flokka tónlistina þína? Er þetta klassísk tónlist?*

„Ég fæst ekki við eina ákveðna tegund tónlistar heldur er stöðugt að blanda einhverju saman og þess vegna er ég ekki





Smelltu til að  
skoða String  
Quartet nr. ∞

mikið fyrir að flokka það sem ég geri. Sumt sem ég geri lendir inni á svæði sem mætti segja að tilheyrði „alvarlegri tónlist“ eða „nútímatónlist“ en ég get líka verið mjög poppaður. Ég reyni að hafa ekki of miklar áhyggjur af því að skilgreina hvað ég er að gera.“

*Nýja verkefnið þitt heitir Strengjakvartett nr. ∞ eða Strengjakvartettinn endalaus. Hvað er þetta?*

„Þetta er verk sem ég samdi fyrir útskriftina mína síðasta vor, þegar ég kláraði BA-nám í tónsmíðum í LHÍ. Verkið var samið fyrir strengjakvartett og virkar þannig að í staðinn fyrir að spilast frá á til ö samdi ég margar litlar einingar sem má púsla saman hvernig sem er. Núna ætla ég að taka þetta verk skrefinu lengra og búa til gagnvirka útgáfu af því sem ég ætla að setja á netið.“

*Þú ætlar að gefa kvartettinn út. Hvernig er hægt að gefa út kvartett sem er endalaus?*

„Það á að virka þannig að hver sem er getur farið inn á síðu verkefnisins og hlustað á það með því að búa til sína eigin útgáfu af því. Möguleikarnir á að setja verkið saman eru endalausir. Ég ætla að hafa gagnvirka útgáfu af kvartettinum, sem fólk getur hlustað á á netinu, en svo ætla ég líka að gefa hann út þannig að búið sé að raða upp nokkrum mismunandi útgáfum af honum.“

*Þarf maður sérstakt forrit til þess að hlusta/spila/taka þátt í upp-tökunni sem þú gefir út?*

„Nei, í raun og veru ekki. Þú þarft sennilega bara að hafa Google Chrome-vafrann og nýlegt stýrikerfi á tölvunni þinni.“

*Þú notar „crowdfunding“-vefsíðuna Karolina Fund hér á landi til þess að safna peningum fyrir útgáfuna. Af hverju vildirðu hóp-fjármagna þessa vinnu?*

„Mér fannst þetta vera verkefni sem hentaði vel í hóp-fjármögnun. Í fyrsta lagi verður það sett upp á netið þar sem allir geta notið þess sér að endurgjaldslausu og þess vegna er þetta einhvers konar almenningslistaverk sem fólk styrkir með því að leggja verkefninu lið. Í öðru lagi er þetta tilraun til að kanna nýjar leiðir í tónlistarútgáfu og því hæpið að verkefnið standi undir sér með sölu.“





### *Ertu með draum á tónlistarsviðinu?*

„Ég er mjög spenntur fyrir því að búa til tónlist sem er hægt að hlusta á með öðrum hætti en við erum vön. Við erum með alla þessa tækni í höndunum og mér finnst að við ættum að nota hana í staðinn fyrir að vera alltaf að hlusta á sama L-R steríómixið. Ég á örugglega eftir að gera eitthvað meira sem felur í sér einhvers konar gagnvirkni, eða leiðir fyrir hlustandann til að stjórna því hvernig hann heyrir verkir. En svo er ég líka mjög spenntur fyrir því að semja tónlist fyrir hefðbundin hljóðfæri og hljómsveitir.“

### *Hvað er planið hjá þér næst?*

„Ég er með margt fram undan. Ég ætla að reyna að klára Strengjakkvartettinn endalausa sem fyrst, forritunarvinnan er reyndar komin vel af stað. Svo er ég að fara að troða upp á Airwaves, bæði með hljómsveitinni minni Apparat og undir eigin nafni. Þar mun ég flytja glænýtt efni þar sem ég er að blanda saman einhvers konar gamaldags tölvupoppi og klassískum áhrifum.“




X

# Ekki eyðileggja söguna!

Fimm verstu ævisögulegu myndir sem gerðar hafa verið

## KVIKMYNDIR

Pórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is



Einkunn Rotten  
Tomatoes

23%



Smelltu til að horfa  
á stíkluna


## Patch Adams

**H**unter Doherty „Patch Adams“ er stórmerkilegur fyrir. Hann er læknir, aðgerðasinni, trúður og rithöfundur sem hefur helst unnið sér til frægðar að hafa stofnað Gesundheit-stofnunina og fyrir að beita þeirri aðferðafræði við læknisfræði sín að mynda djúp sambönd og nota húmor við sjúklinga sem hann sinnir.

Hitt sem Patch er frægur fyrir er hræðileg bíómynd samnefnd honum sem frumsýnd var árið 1998. Þar leikur hinn eintóna og ákaflega þreytandi Robin Williams Patch sjálfan á ákveðnu skeiði í lífi hans í leikstjórn Ace Ventura-leikstjórans Tom Shadyac. Útkoman varð eitthvert leiðinlegasta og tárvtosta tilfinningasalat sem varpað hefur verið á skjá.

Patch sjálfur hefur enda gagnrýnt myndina harðlega og segir hana einungis sýna sig sem fyndinn lækni. Hann hefur líka gagnrýnt Robin Williams fyrir að hafa grætt á þriðja tug milljóna dala fyrir að þykjast vera hann í fjóra mánuði en að hafa ekki gefið krónu af því til spítalans sem hann rekur. Myndin gekk nefnilega, þrátt fyrir ömurlega dóma, mjög vel í bíóhúsum.





Einkunn Rotten  
Tomatoes

16%



Smelltu til að horfa  
á stíkluna

# Alexander

**S**nemma á þessari öld ákvað leikstjórinn Oliver Stone, sem er með sérstakt blæti fyrir því að gera myndir um raunverulegar persónur, að tímabært væri að gera kvikmynd um Alexander mikla. Stórskotalið leikara var kallað til. Flestir þeirra áttu það sameiginlegt að vera einhvers konar kyntákn. Allir voru kjánalegir.

Augljóst var að Stone vildi leggja upp úr því að Alexander hefði mikinn áhuga á því að stunda kynmök með karlmönnum. Warner Bros-kvikmyndaverið lét hann hins vegar klippa út töluvert af þeim senum í upprunalegri útgáfu myndarinnar, sem var frumsýnd í lok árs 2004. Stemmningin varð því tilgerðarlega hómóerótísk án þess að það virtist þjóna neinum tilgangi.

Colin Farrell lék bardagamanninn Alexander og leit út eins og starfsmaður í spilavíti með englaþema sem hafði fengið síðustu hárkolluna og ljótasta englabúninginn. Angelina Jolie, sem er einu ári eldri en Farrell, lék mömmu hans. Sem, eðlilega, var mjög súrt.

Myndin var fokdýr og kostaði 155 milljónir dala. Hún fékk að sjálfsögðu hræðilega dóma en náði þó á ótrúlegan, og óskiljanlegan, hátt að hífa sig upp í smávægilegan hagnað eftir að hafa notið mikillar aðsóknar utan Bandaríkjana.





Einkunn Rotten  
Tomatoes

59%



Smelltu til að horfa  
á stikluna

**W.**

**O**liver Stone er mjög upptekinn af ósagðri sögu Bandaríkjanna. Hann hefur oft valið sér forseta sem miðpunkt í kvikmyndum sínum sem eiga að sýna þessa ósögðu hlið. Þessi formúla gekk ágætlega í JFK og Nixon.

Þegar Stone tilkynnti að hann ætlaði sér að gera kvikmynd um George W. Bush þjuggust flestir að þessi umdeildasti forseti allra tíma myndi fá útreið. Stone hafði enda gagnrýnt forsetann töluvert í aðdraganda þess að hann ákvað að gera mynd um hann.

Myndin, sem kom út árið 2008, varð hins vegar tvennt: ákaflega flöt og hrikalega asnaleg. Hún var flöt vegna þess að hún er eiginlega alls ekkert gagnrýnin heldur frekar eins og illa leikin heimildarmynd sem almannatengslalið Bush hafi skrifað. Auðvitað er látið í það skína að Bush sé forheimskur og geti varla talið upp að tíu, en það þarf ekkert leikna bíómynd til að láta fólk fá þá upplifun. Bush sjálfur opinberaði hana margoft í eigin persónu. Myndin er síðan hrikalega asnaleg vegna þess að leikararnir sem leika persónur sem flestir þekkja úr fréttum samtímans eru ekkert líkir þeim og eiga í stökustu vandræðum með að ná töktum þeirra. Verstur allra er gæðaleikarinn Josh Brolin, sem leikur forsetann. Frammistaða hans er átakanleg.

Myndin náði þó, líkt og margar aðrar hræðilegar myndir, að klóra sig upp í smávægilegan ágóða.





Einkunn Rotten  
Tomatoes

51%



Smeltu til að horfa  
á stíkluna

## The Iron Lady

Er það er einhver stjórnmálamaður sem alheimurinn skiptir sér algjörlega í tvo hluta gagnvart þá er það Margaret Thatcher. Fólk annaðhvort elskar hana eða hatar hana. Í hugum róttækra frjáls-hyggjuboðbera er hún eins konar hálfguð. Sumir þeirra hengja myndir af henni á vinnustaði sína eða geyma bækur um hana á borðum sínum. Að sama skapi er hún einhvers konar andkrístur í hugum sósíalista.

Allir ættu því að geta komið sér saman um að Thatcher var gríðarlega áhugaverð. Það var því góð hugmynd að gera um hana kvikmynd. Það var slæm hugmynd að gera hana á þann hátt sem valið var.

Meryl Streep er lík Thatcher. Og nær röddinni. En myndin er hrikalega leiðinleg. Nær hefði verið að velja hefðbundna uppbyggingu á ævi hennar í stað þess að eyða stórum hluta í að sýna hana ellíæra og illa haldna af Alzheimer geltandi á Dennis, eiginmann sinn, sem var löngu látinn. Þegar

Thatcher lést fyrr á þessu ári gerði BBC frábæra heimildarmynd í fjórum hlutum um hana, sem hét Thatcher: The Downing Street Years. Óhætt er að mæla mun frekar með henni en The Iron Lady.

Myndin rakaði hins vegar inn peningum og skilaði framleiðendum sínum um 100 milljónum dala í hagnað. Það breytir engu um gæði hennar.







Einkunn Rotten  
Tomatoes

49%



Smelltu til að horfa  
á stíkluna



Smelltu til að sjá  
hvað Nicolas Cage  
er lélegur leikari

## The Boy in Blue

**N**icolas Cage er versti leikari sem til er. Það er nánast óvæfengjanleg staðreynd. Hann var góður í tveimur bíómyndum (Raising Arizona og Wild at Heart) en aðallega vegna þess að persónur „Búrsins“ voru þess eðlis að hann passaði einhvern veginn við þær.

Það er ákaflega erfitt að velja verstu frammistöðu hans. Það er reyndar ekkert erfitt, hún heitir Con Air. Ein sem kemst ansi nærri henni er kanadísk mynd sem Cage lék í um svipað leyti og Peggy Sue Got Married og heitir The Boy in Blue. Hún fjallar um kanadísku róðrarkeppnisstjörnunna Ned Hallan, sem var mikil hetja í kringum aldamótin 1900. Hanlan ætlaði sér að verða hraðasti maður heims á vatni.

Cage flakkar á milli þess að vera olíuborinn og of massaður fyrir allt of síða andlitið sitt yfir í að vera afkáralegur í fötum frá tíma sem hann passar alls ekki inn í.

Myndin gekk eðlilega mjög illa.





Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á [www.unicef.is](http://www.unicef.is)

unicef 



# kjarninn

## Takk fyrir að lesa Kjarnann

### UM KJARNANN

Kjarninn kemur út á fimmtudagsmorgnum. Hann er gefinn út fyrir iPad og iPhone ásamt því að vera aðgengilegur í PDF-formi á vefnum.

### Ritstjórn ritstjorn@kjarninn.is

Pórður Snær Júlíusson, ritstjóri ..... thordur@kjarninn.is  
Magnús Halldórsson, blaðamaður ..... magnush@kjarninn.is  
Ægir Þór Eysteinnsson, blaðamaður ..... aegir@kjarninn.is  
Pórunn Elísabet Bogadóttir, blaðamaður ..... thorunn@kjarninn.is

### Framleiðsla

Birgir Þór Harðarson, framleiðslustjóri ..... birgir@kjarninn.is  
Rakel Tómasdóttir, hönnuður ..... rakeltomas@me.com  
Magnús Teitsson, málfráðunautur ..... magnus.teitsson@gmail.com

### Framkvæmdastjórn kjarninn@kjarninn.is

Gísli Jóhann Eysteinnsson, framkvæmdastjóri ..... gisli@kjarninn.is  
Hjalti Harðarson, framkvæmdastjóri ..... hhardarson@kjarninn.is

### Auglýsingar auglysingar@kjarninn.is

Kjarninn

Kt: 690413-0190

Laugavegi 71

101 Reykjavík

S: 551-0708

[www.kjarninn.is](http://www.kjarninn.is)

[www.facebook.com/kjarninn](https://www.facebook.com/kjarninn)

[www.twitter.com/kjarninn\\_is](https://www.twitter.com/kjarninn_is)

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.